BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA - RANNSÓKNASKÝRSLUR

# Fornleifaskráning

## Fyrri hluti – svæðisskráning

## fyrir Vestmannaeyjar



*Uppdráttur af Heimaey frá 1776*
*eftir Sæmund Holm*

**Katrín Gunnarsdóttir**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**2002**

10

## Inngangur

Hér er fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmannaeyjar. Um er að ræða heimildavinnu og grunn fyrir vettvangskönnun sem þarf að fylgja í kjölfarið. Árni Ragnarsson arkitekt fór þess á leit við Byggðasafn Skagafirðinga, fyrir hönd Teiknistofu PZ ehf, Ráðgjafarverkfræðiþjónustu FRV, Vestmannaeyjum, að gera fornleifakönnun í Vestmannaeyjum vegna endurskoðunar aðalskipulags fyrir Vestmannaeyjar.

Annar hluti skráningar verður skipulögð vettvangskönnun þar sem minjar verða skoðaðar, ljósmyndaðar, mældar, teiknaðar og staðsettar á kort. Skipulögð vettvangsskráning hefur ekki farið fram í Eyjum önnur en fornleifaskráning Dr. Bjarna Einarsson í Herjólfsdal á Heimey vegna deiliskipulags þar árið 1999. Vísað er alfarið til úttektar hans um það svæði.

Skráningin fór fram á tímabilinu frá 28. nóv. til 20. des 2002. Við heimildaleit og skráninguna í Sarp, gagnagrunn þjóðminjavörslunnar, unnu Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur og Sigríður Sigurðardóttir sagnfræðingur.

Skýrslan var síðast skoðuð í september 2004 og settar inn athugasemdir sem komið höfðu og settur inn nýr inngangskafli til samræmis við aðrar skýrslur Fornleifa-deildar Byggðasafns Skagfirðinga.

## Efnisyfirlit

**Inngangur** ... 2
**Tilgangur fornleifaskráninga** ... 5
**2 Fornleifaskráning og aðferðir** ... 6
2.1 Aðferð við skráningu ... 7
2.2 Jarðanúmer ... 7
2.3 Tegund, hlutverk og heiti ... 7
2.3 Lega ... 7
2.4 Staðhættir og lýsing ... 7
2.6 Heimildir ... 8
**3 Saga og fornleifar** ... 8
3.1 Fornleifaskráning fyrir Álfsey ... 10
3.2 Fornleifaskráning fyrir Bjarnarey ... 11
3.3 Fornleifaskráning fyrir Elliðaey ... 12
3.4 Fornleifaskráning fyrir Geldung ... 15
3.5 Fornleifaskráning fyrir Hana ... 16
3.6 Fornleifaskráning fyrir Heimaey ... 17
3.7 Fornleifaskráning fyrir Hellisey ... 54
3.8 Fornleifaskráning fyrir Suðurey ... 55
3.9 Fornleifaskráning fyrir Súlnasker ... 56
3.10 Fornleifaskráning fyrir býli á Heimaey ... 58
3.10 1) Brekkuhús ... 58
3.10 2) Búastaðir ... 59
3.10 3) Dalir ... 60
3.10 4) Draumbær ... 61
3.10 5) Gjábakki ... 62
3.10 6) Gvendarhús ... 63
3.10 7) Kirkjubær ... 64
3.10 8) Kornhóll ... 66
3.10 9) Miðhús ... 67
3.10 10) Norðurgarður ... 68
3.10 11) Nýibær ... 69
3.10 12) Oddstaðir (Oddastaðir) ... 70
3.10 13) Ofanleiti ... 71
3.10 14) Ólafshús ... 73
3.10 15) Prestshús ... 74
3.10 16) Stakkagerði ... 75
3.10 17) Steinsstaðir ... 76
3.10 18) Stóragerði ... 77
3.10 19) Vesturhús ... 78
3.10 20) Vilborgarstaðir ... 79
3.10 21) Þorlaugargerði ... 80
**Örnefni og sérheiti í Álfsey:** ... 81
**Örnefni og sérheiti í Bjarnarey:** ... 81
**Örnefni og sérheiti í Elliðaey:** ... 81
**Örnefni og sérheiti í Hana:** ... 81
**Örnefni og sérheiti í Heimaey:** ... 81
**Örnefni og sérheiti í Suðurey:** ... 84
**Örnefni og sérheiti í Súlnaskeri:** ... 84
**4 Heimildaskrá** ... 85

© Byggðasafn Skagfirðinga

**Tilgangur fornleifaskráninga**

- Með fornleifaskráningu er aflað þekkingar um sögu lands og þjóðar og lagður grunnur að verndun einstakra minjastaða og minjasvæða.

- Í fornleifaskráningu felst heimildaöflun um landnýtingu og búskaparahætti í fortíð, sem nýtist til ákvarðanatöku um varðveislu og landnýtingu í samtíð og framtíð.

- Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að óþörfu.

- Með fornleifaskráningu er lagður grunnur að áframhaldandi rannsóknum og kynningu á menningarumhverfinu.

- Það er hagur allra sem skipuleggja svæði eða standa fyrir framkvæmdum, sem raska jarðvegi, að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á viðkomandi svæði til að: 1) unnt sé að taka tillit til minjastaða við skipulagsvinnu og framkvæmdir og 2) minnka líkur á að óvænt finnist fornleifar sem nauðsynlegt reynist að rannsaka.

Þjóðminjalög 107/2001 kveða á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Það er best gert með því að kynna þær þjóðinni, greiða fyrir rannsóknum og auðvelda aðgang að þeim. Í 9.-14. gr. laganna eru ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Fornleifar eru skilgreindar í þjóðminjalögum sem:

*... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:*

1. *búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;*
2. *vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;*
3. *gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;*
4. *gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;*
5. *virki og skansar og önnur varnarmannvirki;*
6. *gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;*
7. *áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;*
8. *haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;*
9. *skipsflök eða hlutar úr þeim.*

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.[1] þjóðminjalaga.

**Fornleifar eru friðhelgar og þeim má enginn spilla, granda né breyta, hylja, laga né aflaga,** - nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Þetta á við um allar fornleifar, óháð friðlýsingum. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins og komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 13. gr. þjóðminjalaga).

Æskilegt er að beina framkvæmdum frá minjastöðum, en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara til að hægt sé að meta aðstæður. Fornleifavernd ríkisins getur krafist þess að framkvæmdum verði frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram.

Fornleifaskráning sameinar jafnt hagsmuni framkvæmdaaðila og þeirra sem standa vörð um minjaumhverfið og vilja fræðast um það. Björgunaruppgröftur er alltaf óæskilegur, frá öllum sjónarmiðum. Tafir á framkvæmdum geta verið kostnaðarsamar og ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða bera framkvæmdaaðilar kostnað af fornleifarannsóknum, ef nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sbr. 14. gr. Þjml.)

## 2 Fornleifaskráning og aðferðir

Þessi fornleifaskráning tekur yfir allar eyjarnar að undanskildum Herjólfsdal sem Margrét Auðar-Hermannsdóttir rannsakaði og gróf í á 8. og 9. áratug 20. aldar og varð efni doktorsritgerðar hennar sem kom út 1989. Dr. Bjarni Einarsson skráði fornleifar í Herjólfsdal árið 1999 vegna deiliskipulags þar. Á vettvangi verður fornleifaskráningin takmörkuð við þann hluta Heimaeyjar sem ekki fór undir hraun 1973 og mestan hluta Herjólfsdals. Tekið skal fram að eins og lög gera ráð fyrir er hér verið að fjalla um minjar eldri en hundrað ára og bent á hús sem reist eru fyrir 1918. Umfjöllun okkar nær ekki að öðru leyti til 20. aldar, nema í fáeinum undantekningartilfellum.

Helstu heimildir hafa verið kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrár, fornrit, sóknalýsingar og aðrar ritaðar heimildir, ásamt kortum. Allar upplýsingar eru skráðar í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafns Íslands. Ekki má líta svo á að um tæmandi fornleifaskráningu sé að ræða, enda hefur vettvangskönnun ekki farið fram. Sá gagnagrunnur sem orðið hefur til við skráningu í Sarp verður aðgengilegur fyrir Byggðasafn Vestmannaeyja þar sem starfsmenn geta fengið aðgang að honum og lagfært hann í framtíðinni. Seinni hluti fornleifaskráningarinnar, þ.e. vettvangsvinnan er æskilegt að fari fram í samvinnu við byggðasafnið (BVm).

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.[2] Í Vestmannaeyjum hafa eyjarnar verið settar undir sérnúmer þannig að minjar eru skráðar eftir eyjunum, en jafnframt eru notuð jarðanúmer (fyrir gömlu býlin) til að auðkenna bústaðina.

---

[1] Þjóðminjalög nr. 107/2001.
[2] J. Johnsen, 1847. Jarðatal á Íslandi.

Í skránni er umfjöllun um hvern minjastað, sem bíður skoðunar. Ljósmyndir og/eða teikningar bætast við í vettvangsrannsókn, eftir því sem við á. Minjar verða þá staðsettar með GPS hnitum og færðar inn á loftmynd.

Hin eiginlega skráning er í þeim kafla þessarar skýrslunnar er nefnist „Saga jarðanna og fornleifar“.

### 2.1 Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum eyja og jarða, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar, búskap og nytjar.

### 2.2 Jarðanúmer

Býlin eru auðkennd með upphafsstaf eða -stöfum heitis þeirra og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Ofanleiti: 160 207, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 18 í nefndu tilviki og eyjanúmeri sem gefið er skráningakerfinu Sarpi. Fyrir Heimaey er til dæmis 182 402. Fornleifunum er gefið raðnúmer innan hverrar eyjar. Á nokkrum jörðum s.s Ofanleiti og Kirkjubæ er nokkrum tilheyrandi bústöðum (húsmannsbýlum) raðað innan hvers býlisnúmers (jarðanúmers).

### 2.3 Tegund, hlutverk og heiti

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, uppsátur, byrgi, túngarð og svo framvegis.

Stundum sjást minjar ekki í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að gengið er út frá að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús og er það þá skráð sem slíkt. Leitast er við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Skansinn eða Sængurkonusteinn, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða byrgi.

### 2.3 Lega

Nákvæm staðsetning verður skráð með GPS hnitum við vettvangsrannsókn og þau færð í skrána í næsta áfanga skýrslunnar. Sama má segja um kort og myndir.

### 2.4 Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim verður lýst eftir vettvangsrannsókninni ef þær sjást enn, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur. Í þessum fyrri áfanga skýrslunnar er vitnað í heimildir. Mörg hús í Heimaey bera enn nöfn gömlu býlanna og þar sem ætla má að þau hafi verið byggð á sama stað er bent á þau til viðmiðunar. Samkvæmt skrá yfir heiti gatna og húsa, sem Tæknideild Vestmannaeyjabæjar lét vinna 1.5.2002 er fjöldi húsa byggð fyrir 1918, og skal bent á að samkvæmt 6. gr. Húsafriðunarlaga 104/2001 eru öll hús, sem reist eru fyrir 1850, friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918 og að „eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa“.

Vegna aðstæðna í Vestmannaeyjum, þar sem meiri hluti eyjanna var óskipt land, almenningur, sem fjöldi býla höfðu afnot af, eins og afréttir, hálendi Íslands, var tekin sú stefna að skrá minjarnar eftir eyjum, fremur en býlum. Hins vegar eru öll býli sem hafa enn fasteignamatsnúmer og eru í númerkerfi J. Johnsens skráð út af fyrir sig. Þess vegna eru meiri hluti býla á Heimaey skráð með tilheyrandi húsmannsbýlum.

Langmestur hluti fornleifaskráningarinnar fjallar um Heimaey og þær úteyjar sem voru nýttar til hagagöngu og heyskapar eins og Elliðaey, Hellirsey, Hani, Suðurey, Geldungur og Súlnasker, en helstu hlunnindi eyjanna voru fuglaveiði og eggjataka. Aðrar eyjar og sker, en þær sem upptaldar eru voru einnig nytjuð, en þar er ekki vitað um fornleifar og því sleppt í þessari skráningu. Þar með talin eru: Brandur, sem liggur vestur af Suðurey, en þar var töluverð súlna-, lunda- og svartfuglatekja og Geirfuglasker er í suðvesturátt frá Súlnaskeri og er lengst til hafs af öllum eyjunum. Þar er talsverð fýla- og svartfuglabyggð. Segja má að skerið, sem minnir á útdauða fuglategund sem var gjörnýtt, ætti að eiga heima í fornleifaskránni, en það mun þó fremur flokkast til náttúruminja. Til viðbótar upptöldum eyjum eru fullt af dröngum og skerjum í kring um eyjarnar og má nefna: Örn, Litla-Örn, Eiðisdranga, Sker (Glæfratanga), Hásker, Lágsker, Hnaus og Skelli, Litlastakk og Stórastakk.

### 2.5 Hættumat

Í næsta áfanga, á vettvangi, verður lagt mat á þá hættu sem fornleifunum kann að stafa af völdum náttúru og manna. Það er gert til þess að unnt verði að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif vinda eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum sjávar, regnsvatns eða uppblásturs. Ekki verður lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar, sem ekki finnast við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, og fara varlega á svæðum þar sem fornleifar geta hugsanlega leynst undir sverðinum.

### 2.6 Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja skráða fornleif. Þær heimildir sem stuðst er við í öðrum köflum er getið neðanmáls. Ræðst það af því að fornleifaskráning hverrar leifar á að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

## 3 Saga og fornleifar

Eftirfarandi er hin eiginlega fornleifaskráning með aðfaraorðum um hverja skráða eyju og býli. Gerð er söguleg úttekt fyrir eyjarnar og býlin svo langt sem ritaðar heimildir leyfa. Ljóst er að staðsetning og heiti minjastaðanna eru í eðli sínu viðbótarheimildir um nýtingu eyjanna. Augljóst er að huga þarf að miklum fjölda minjastaða við skipulag búsetu og framtíðarnýtingu. Hraun úr Eldfelli árið 1973 hefur kaffært hluta minjastaða á Heimey, en þótt engar minjar sjáist lengur á stóru svæði á austurhluta eyjunnar eru þær skráðar hér, bæði til að geyma vitneskju um þær og til að kanna hverjar þær eru. Þær flokkast undir horfnar minjar eins og háttar til um margar minjar á öðrum svæðum Heimaeyjar, sem vettvangskönnunin mun vafalítið leiða í ljós. Í eðli sínu gefa horfnar minjar upplýsingar um landnýtingu og þar að auki geta þær enn leynst á sínum stað þótt yfirborðið gefi ekkert til kynna.

## 3.1 Fornleifaskráning fyrir Álfsey

Álfsey - 182406

**Saga**

Álfsey eða Álsey, ekki ber heimildum saman um nafnið hvorki að fornu eða nýju. Heimildir eru hins vegar ekki nógu fjölskrúðugar til þess að skera fullkomlega úr hvort nafnið er eldra eða hvort um hljóðbrottfall er að ræða. Framburður sker heldur ekki fullkomlega úr, hann er sá sami hvort sem er. Óhætt er þó að fullyrða, að síðustu 4-500 ár hefir eyjan aldrei verið kölluð annað en Álsey manna á milli, segir Byrnjólfur Jónsson 1918. Ef sú mynd líklegra réttari og er nafnið líklega gefið til minja um átthaga landnema, nema eyjan sé kennd við ál, dýpi í eyjarsundinu eða sundið sjálft. Að öðrum kosti ætti nafnið að vera dregið af mannsnafni Álfur. Ein eyja önnur, Bjarnarey, dregur heiti af mannsnafni, af því sem helst verður ætlað, þótt það sé engan veginn víst. Beit fyrir 130 fjár var á eyjunni.[3]

**Náttúrufar og jarðabætur**

Álfsey liggur í útnorður frá Brandi. Hún liggur á langveginn frá landsuðri til útnorðurs. Hún er lukt háum hömrum að austan, sunnan og vestan. Að norðan er hægt að leggja að bát, í logndauðum sjó, og jafnvel draga upp með höndunum. Einnig er hægt leggja að á svokölluðu Þjófanefi á útnorðurhorni eyjunnar.




*Kortið er hluti Herforingjaráðskort sem birtist með sóknarlýsingu séra Brynjólfs Jónssonar árið 1918.*

**Eyktamark 182406-1**
**Sérheiti: Nóngil**
**Tegund: Örnefni 465**
**Staðhættir og lýsing**

Upp af Pollinum í Álfsey

**Aðrar upplýsingar**

„Þar er rétt haldið nón frá Ofanleiti sem sýnir að eyjan liggur þaðan í útsuður“.

**Heimildaskrá**

Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum.* Bls. 66. Reykjavík.

**Samgönguleið - 182406-2**
**Sérheiti: Háufláir**
**Tegund: Gata 465**
**Staðhættir og lýsing**

Norðan á Álsey, er hér gengið upp af sjó til fugla.

**Heimildaskrá**

Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 50. Reykjavík.

[3] Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 22. Þorkell Jóhannesson, 1938. Bls.32.

## 3.2 Fornleifaskráning fyrir Bjarnarey

Bjarnarey - 182403

**Saga**

Bjarnarey 182 403 liggur í austur frá Heimaey.

**Náttúrufar og jarðabætur**

Bjarnarey er nokkurn vegin jöfn á alla vegu, þó lítið eitt lengri frá norðri til suðurs. Lukt háum hömrum á alla vegu, en þó má lenda á tveimur stöðum. Norðan við Hvannhillu og að austanverðu þar sem kölluð er höfn, í krika inn í eyna. Þar verður þó ekki lent nema í dauðum sjó og ekki er hægt að draga bát á land þar. Eyjan er öll grasi vaxin og var hún notuð til fjárbeitar og heyskapar, sem örðugt var aðsóknar.[4]




*Kortið er hluti af Herforingjaráðskorti sem birtist með sóknarlýsingu sér Brynjólfs Jónssonar frá 1918.*

**Heyhlaða - 182403-1**
**Sérheiti: Heyból**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**

Heyból hét í Bjarnarey þar sem hey var geymt á meðan það var ekki flutt heim. Var heyið borið af eyjunni um mislangan og misbrattan veg, á bakinum, að heybólinu. Þar var því hlaðið upp og sótt á skipi er gott færi gafst. Var það gefið niður í böggum af tvítugu bjarginu, beint um borð.

**Heimildaskrá**

Brynjólfur Jónsson, 1918. *Lýsing Vestmannaeyja sóknar.* Bls. 20-21. Bls. 21. Kaupmannahöfn.

[4] Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 20-21.

## 3.3 Fornleifaskráning fyrir Elliðaey

Elliðaey - 182404

**Saga**

Elliðaey / Ellirey var talin ganga næst Heimaey að landkostum, grasgefin og góð beit þar fyrir sauðfé og naut fram á 18. öld. Gekk fé þar allt árið og lá í hellum á nóttunni er illa viðraði. Þar til á 20. öld mun eyjan alltaf hafa verið kölluð Ellirey, og hefur sennilega dregið nafn sitt af mannsnafninu Erlendur frb. Ellindur. Er talið að hún hafi borið það heiti lengi en áður Erlindsey.[5] Hún liggur í landnorður frá Heimaey.

**Náttúrufar og jarðabætur**

Elliðaey / Ellirey er um ¾ mílu í norðaustur af Heimaey. Hún er stærst og umlykja hana víðast sæbrattir hamrar. Að austan, við bergfláa sem kallaður er höfn, er hægt að draga bát á land og gekk næst Heimaey að landkostum. Í eyjunni var áætluð 100 sauða beit og um 150 hestar af heyi. Fram á 18. öld voru bæði naut og sauðfé höfð í eynni árið um kring, segja Eggert og Bjarni í ferðabók sinni.[6] Lundatekja í meðalári var álitin um 25 þús. fuglar og nokkuð af svartfugli. Þar verpir urmull af öðrum fugli, t.d. sæsvala. Allir hlutar eyjunnar hafa sitt nafn enda nytjuð til beitar, heyskapar, útróðra og fuglaveiða um aldir. Það sem hæst ber heitir Háabunga.




*Kortið er hluti af Herforingjaráðskorti sem birtist með sóknarlýsingu sér Brynjólfs Jónssonar 1918.*

**Fjárgata - 182404-1**
**Sérheiti: Sauðagata**
**Tegund: Gata 465**
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 69. Reykjavík.

**Fuglabjarg - 182404 -2**
**Sérheiti: Langahryggssetur**
**Tegund: Mannvirki 465**
**Staðhættir og lýsing**
Í Langahrygg uppi af syðstu brún Réttarhamars voru útbúnar setur fyrir fuglafangara og voru þar vanalega 3 menn, hver upp af öðrum.
**Heimildaskrá**
Pétur Guðjónsson, 1980. *Gengið við á gömlum og nýjum lundaveiðistöðum*. Bls. 7. Reykjavík.

**Fuglabjarg - 182404-3**

---

[5] Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. Bls. 20-21. Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*.
[6] Eggert Ólafsson, 1975. Bls. 155.

**Sérheiti: Landsuðursnefssetur**
**Tegund: Mannvirki 465**
**Staðhættir og lýsing**
Landsuðursnefið er syðst í Vatnsurðinni, þar er setið á steini alveg fram á brúninni, rétt ofan við er önnur seta og þar hjá er seta í upphlaðinni vörðu. Þetta er einn fengsælasti veiðistaðurinn í Elliðaey - Ellirey.
**Heimildaskrá**
Pétur Guðjónsson, 1980. *Gengið við á gömlum og nýjum lundaveiðistöðum*. Bls. 8-9. Reykjavík.

**Geymsla - 182404-4**
**Sérheiti: Skápar**
**Tegund: Hellir 465**
**Staðhættir og lýsing**
Skápar eru upp af Kofalaut, fyrir sunnan og ofan gamla kofann, eiginlega áfastir við Nautarétt. Þarna var geymsla fyrir ýmsa hluti, þegar búið var í gamla kofanum.
**Heimildaskrá**
Pétur Guðjónsson, 1980. *Gengið við á gömlum og nýjum lundaveiðistöðum*. Bls. 22. Reykjavík.

**Heygeymsla - 182404-5**
**Sérheiti: Heyból**
**Tegund: Hellir 465**
**Staðhættir og lýsing**
Heyból eru tveir smáskútar upp af Pálsnefi þar sem hey var geymt fyrrum.
**Heimildaskrá**
*Örnefni í Suðurey*. Örnefnastofnun.

**Hlaða - 182404-6**
**Sérheiti: Suðurflatarheyból**
**Tegund: Hellir 465**
**Staðhættir og lýsing**
Sunnan undir Lauphaus, eða Lauphöfða er Suðurflatarheyból, nokkuð stór skúti þar sem Presthúsbændur geymdu heyin af Suðurflötum þar til það var flutt heim.
**Heimildaskrá**
Pétur Guðjónsson, 1980. *Gengið við á gömlum og nýjum lundaveiðistöðum*. Bls. 14. Reykjavík.

**Höfn - 182404-7**
**Sérheiti: Heysteinn**
**Tegund: Örnefni 465**
**Staðhættir og lýsing**
Heysteinn er nyrst í Vesturурð. Við hann var áður fyrr skipað út heyji.
**Heimildaskrá**
Pétur Guðjónsson, 1980. *Gengið við á ... lundaveiðistöðum*. Bls. 15. Reykjavík.

**Rétt - 182404-8**
**Sérheiti: Skarð**
**Tegund: Rétt 465**
**Staðhættir og lýsing**
Um það bil fyrir miðri flánni, upp af nefinu. Þarna var rétt þar til 1925 að hún var flutt. Hún var við Suður-Búr en sjórinn jafnaði hana við jörðu árlega. Hamarinn sem

nær suður að Suður-Búrum heitir Réttarhamar og undir honum er urð sem Réttarurð heitir og var réttin syðst í urðinni vestan við Suður-Búr.

**Heimildaskrá**

Pétur Guðjónsson, 1980. *Gengið við á gömlum og nýjum lundaveiðistöðum*. Bls. 4. Reykjavík.

**Rétt - 182404-9**
**Sérheiti: Nautarétt**
**Tegund: Rétt 465**
**Staðhættir og lýsing**

Nautarétt er austan við Kofalaut undir lágum hamrastöllum, sunnan við gamla veiðimannakofann. Frá þeim tíma er naut voru geymd í eyjunni. Þau voru rekin í réttina og mýld áður en þau voru flutt í burtu.

**Heimildaskrá**

Pétur Guðjónsson, 1980. *Gengið við á gömlum og nýjum lundaveiðistöðum*. Bls. 22. Reykjavík.

**Rétt - 182404-10**
**Sérheiti: Nýjarétt**
**Tegund: Hleðsla 465**
**Staðhættir og lýsing**

Fyrir ofan skarðið þar sem komið er upp á eyjuna að austan er Nýja-rétt. Fjárréttin í Réttarurð var lögð niður sumarið 1923.

**Aðrar upplýsingar**

Kári Sigurðsson bóndi í Presthúsum sá um byggingu réttarinnar.

**Heimildaskrá**

Pétur Guðjónsson 1980. *Gengið við á gömlum og nýjum lundaveiðistöðum*. Reykjavík.

## 3.4 Fornleifaskráning fyrir Geldung

Geldungur - 182409

**Saga**

Hægt er að leggja bát við eyjuna og þar er nokkuð gras, en eyjan var ekki notuð til sauðabeitar svo vitað sé.[7] Engar ritheimildir fundust um fornleifar í Geldungi.

**Náttúrufar og jarðabætur**




Geldungur er um ¼ mílu suður af Hellirsey, með standbergi á alla vegu og liggur á langveginn frá landsuðri til útnorðurs. Þar er lítið gras og aldrei grasnytjar. Við Eyjuna eru skerin Hundasker, Þúfusker og Bládrangar.
Í gegn um Geldung liggur port eða hlið, lukt að ofan með breiðum steinboga.

*Kortið er hluti af Herforingjaráðskorti sem birtist með sóknarlýsingu sér Brynjólfs Jónssonar 1918.*

[7] Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 22.

## 3.5 Fornleifaskráning fyrir Hana

Hani - 182411

**Saga**

Hani er einn af eyjaklasa þeim sem heita Smáeyjar. Auk Hana teljast Hæna, Smáeyjasker (sem er eiginlega skerjaklasi), Jötunn, Hrauney, Grasleysa, Nafar og Pottur til Smáeyjanna. Hani var áður fyrr nýttur til vetrarbeitar fyrir lömb.[8]




**Náttúrufar og jarðabætur**

Hani er um fjórðungsmílu vestur af Dalfjalli á Heimey. Uppi á Hana er svolítill gróður.

*Kortið er hluti af Herforingjaráðskorti sem birtist með sóknarlýsingu sér Brynjólfs Jónssonar 1918.*

**Rétt - 182411-1**
**Sérheiti: Lambarétt**
**Tegund: Hleðsla 465**
**Staðhættir og lýsing**

Lambaréttinn er á Hana gengt eyjunni Hænu.

**Heimildaskrá**

Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 59. Reykjavík.

---

[8] Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 23.

## 3.6 Fornleifaskráning fyrir Heimaey

Heimaey - 182402

**Saga**

Í Landnámabók segir að írskir þrælar Hjörleifs Hróðmarssonar úr Dalsfirði í Noregi, fóstbróður Ingólfs Arnarssonar, hafi fyrstir sest að í Heimaey og Vestmannaeyjar kenndar við þá. Nafngreindir voru þeir: Dufþakur, Geirröður, Skjaldbjörn, Halldór, Drafdritur og fleiri, alls tíu og bjuggust þeir fyrir í eyjunni um hríð, eða þar til Ingólfur kom og hefndi Hjörleifs fóstbróður síns sem þeir höfðu drepið.[9] Ýmis örnefni í eyjunni eru enn við þá kennd svo sem Dufþekja og Halldórssandur. Sá landnámsmaður sem byggði fyrst Vestmannaeyjar er sagður Herjólfur Bárðarson, sem bjó í Herjólfsdal, fyrir innan Ægisdyr.[10] Ormur sonur hans bjó á Ormsstöðum við Hamar niðri og Vilborg dóttir hans á Vilborgarstöðum.

Leifar fornra bæja og tveggja gamalla búða í Herjólfsdal eru friðlýst, sem og hinn gamli umbúnaður lindarinnar þar og kofaleifar um 400 skref sunnan við tóftir bæjarins.[11] Margrét Hermanns-Auðardóttir rannsakaði minjarnar á 8. og 9. áratug 20. aldar og gerði að efni doktorsritgerðar sinnar. Hún telur að Vestmannaeyjar hafi verið byggðar miklu fyrr en Landnáma greinir frá[12] eða á 7. öld. Aðrir fræðimenn draga það mjög í efa, sbr. grein Sveinbjörns Rafnssonar í Árbók fornleifafélagsins 1990.[13] Ekki verður lagt mat á þetta hér og vísað til úttektar dr. Bjarna Einarssonar á fornleifum í Herjólfsdal.[14]

Vestmannaeyjar voru bændaeign fram á 12. öld, en þá keypti Magnús Einarsson (d.1148) Skálholtsbiskup eyjarnar og ætlaði að setja þar á fót munkaklaustur.[15] Eyjarnar voru í eigu Skálholtsstóls fram á 15. öld er þær komust flestar í hendur konungs. Ekki er vitað hvernig það gerðist en kenning er um að Eiríkur af Pommern hafi tekið þær upp í skuld. Eiginlega má segja að töluverð norsk áhrif hafi verið í Eyjum fyrstu aldir byggðar. Í Kristni sögu segir frá því að Ólafur Tryggvason konungur sendi þá Leif Eiríksson, Gissur hvíta og Hjalta Skeggjason til Grænlands og Íslands að boða landsmönnum kristna trú. Hafði konungur látið höggva kirkjuvið og sagt Hjalta og Gissuri að þeir ættu að reisa kirkju þar sem þeir tækju fyrst land. Ekki er vitað hvort hann hafði slík ummæli við Leif eða fengið honum timbur í Þjóðhildarkirkju er fyrst reis á Grænlandi, en Gissur og Hjalti skutu bryggjum í land á Hörgaeyri í Heimaey og reistu kirkju þar, norðan megin vogsins, þar sem áður voru blót og hörgar.[16] Staðsetning kirkjunnar er óviss, en neðan við Löngu stóð Clemensarkirkja, sem getið er í máldögum.[17] Kirkjan trúboðanna gæti hafa staðið á sama stað og hún stóð.

Á 13. öld komu norskir kaupmenn frá Björgvin við í Vestmannaeyjum á Grænlandsfari með viðarfarm. Eyjarnar voru þá á yfirráðasvæði Oddaverja fyrri hluta aldarinnar og heimtaði Sæmundur Jónsson í Odda að Björgvinjarkaupmenn, sem staddir voru í Heimaey, greiddu miklar fjárhæðir fyrir Pál son hans, sem hafði verið drepinn í Noregi, en um það leyti jukust mjög norsk yfirráð í landinu. Árið

---

[9] Íslendinga sögur, 1946. Bls. 28-32.
[10] Íslendinga sögur, 1946. Bls. 205-207.
[11] Ágúst Ó. Georgsson, 1990. Bls. 15.
[12] Margrét Hermanns-Auðardóttir, 1989. Bls. 53-54.
[13] Sveinbjörn Rafnsson, 1990. Bls. 153-162.
[14] Bjarni Einarsson, 1999. Bls. 1-8 og skrár 1-9.
[15] Jóh. Gunnar Ólafsson, 1948. Bls. 13.
[16] Íslendinga sögur, 1946. Bls. 268.
[17] DI II 1253-1350, 1893. Bls. 66.

1268 varð Árni Þorláksson, sem lærður í Björgvin, biskup í Skálholti. Ári síðar reistu Vestmannaeyingar kirkju á Kirkjubæ og virðist sem hún hafi alla tíð goldið tíund til Björgvin í Noregi. Þá virðast hafa verið 3 kirkjur í eyjum um hríð, Clemenskirkja, Nikulásarkirkja í Kirkjubæ og Péturskirkja „fyrir ofan leiti“.[18] Allar voru þær graftarkirkjur og má því búast við mannabeinum við jarðrask þar. Árið 1298 gaf Árni biskup allar klerkatíundir í Kirkjubæjarsókn til klausturs í Björgvin. Eggert Ólafsson sagði að enn væri tíundað samkvæmt norskum hætti í Heimaey á 18. öld[19] þótt þá væri fyrir löngu búið að afhelga Kirkjubæjarkirkju. Ekki er vitað fyrir víst hvenær Clemenskirkjan var lögð niður, en kirkjurnar í Kirkjubæ og Ofanleiti voru lagðar niður1573 og byggð ein kirkja fyrir báðar á Fornu-Löndum, sem kölluð var Landakirkja. Þá kirkju brenndu arabískir sjóræningjar (kallaðir Tyrkir) árið 1627 og var kirkjan endrreist 1631 þar sem nú er kirkjugarður Landakirkju. Árið 1837 voru kirkjusóknirnar sameinaðar í Vestmannaeyjaprestakall. Gamli kirkjugarðurinn á Ofanleiti var friðlýstur þar til árið 1970, er friðlýsingin var felld niður og garðurinn lagður undir flugvöll.[20]

Fyrir siðbreytingu guldu Eyjamenn gjöld sín til kirknanna og að hluta til fóru þau beint til Björgvinjarklausturs. Býlin Ofnaleiti og Höfn guldu hæsta tíund á tímabilinu 1450-1507[21] en næst þeim komu Vilborgarstaðir, Bófastaður (Búastaðir, Bílastaðir-Býlastaðir), Odd(a)staðir og Kirkjubær. Á því tímabili voru öll gjöld innheimt í fiskum eða lýsi og Eyjamenn áttu sjálfir, á eigin kostnað, að koma tíundinni til verslunarstaðar á landi, og láta í té umboðsmanni konungs. Skattheimtumenn konungs bjuggu innan varnargerðis sem kallað var Skansinn, en leifar hans og gömul mannvirki við hann eru nú friðlýst.[22]

Stjórnsýslulega tilheyrðu Vestmannaeyjar Rangárvallasýslu til 1609, en þá urðu eyjarnar sjálfstæð sýsla. Verslunarfélagið sendi eitt til tvö skip þangað árlega. Í byrjun 18. aldar voru 23 bæir í Heimaey, en 52 bændur eða fjölskyldur. Allmargt manna kom til sjóróðra, sem stundaðar voru allt árið. Verslunarfélagið sem leigði verslun, hús og höfn af kóngi hafði nokkra „kóngsbáta“ og sá „eftirlegumaður“ félagsins um að manna þá og reka.[23] Þessi svokallaði eftirlegumaður var umboðsmaður verslunarfélagsins og sá einnig um verslunina og innheimti gjöld af leiguliðum konungs.

Vestmannaeyjar fengu kaupstaðaréttindi 1. jan. 1787, en misstu þau réttindi 1807 og voru útleggjarastaður eða kauptún til ársins 1918. Heimaey var fremur þéttbýl og byggðin þéttist mest við höfnina í kring um verslunarstaðina. Árið 1900 voru íbúðarhúsin orðin 35, en þeim fjölgaði ört og árið 1920 voru þau 270.[24] Um aldamótin 1900 mátti skipta Heimaeyjarbyggðinni í svæði[25], en allt breyttist eftir eldgos í Eldfelli 1973.

Þegar skoðuð eru örnefni, sögustaðir og fornleifar í Vestmannaeyjum er augljóst að búskapurinn setti mark sitt á búsetulandslag eyjanna og ýmislegt er öðru vísi þar en t.d. á fastalandinu. Dæmi um það er kúa- og sauðfjárbúskapurinn og margvísleg merki um fuglanytjar. Gjöful fiskimið og fuglabjörg hafa löngum dregið fólk til eyjanna og fyrr á öldum bjó þar ótrúlegur fjöldi fólks miðað við jarðnæði. Áður en

---

[18] DI II 1253-1350, 1893. Bls. 66. DI VII 1170-1505, 1903-1907. Bls. 41-43.
[19] Eggert Ólafsson, 1975. Bls. 154.
[20] Ágúst Ó. Georgsson, 1990. Bls. 15.
[21] DI VII 1170-1505, 1903-1907. Bls. 179-180.
[22] Ágúst Ó. Georgsson, 1990. Bls. 15.
[23] Eggert Ólafsson, 1975. Bls. 155.
[24] Jóh. Gunnar Ólafsson, 1948. Bls. 18.
[25] Jóh. Gunnar Ólafsson, 1948. Bls. 69-70.

Herjólfur nam þar land „var þar veiðistöð ok engra manna veturseta,“[26] segir í Landnámabók og vísar til þess að í upphafi byggðar hafa menn áttað sig á ríkulegum hlunnindum eyjanna. Langflestir minjastaðirnir sem hér eru skráðir tengjast þeim. Atvinnuhættir eyjanna settu og mark sitt á landslag eyjanna, en einnig býður landið sjálft upp á afnot sem fólk nýtti sér. Dæmi um það eru gömlu fiskibyrgin sunnan í Hánni, sem eru friðlýst.[27] Almennt má segja að fyrr á öldum hafi fugla- og fiskveiði haldið lífi í ábúendum eyjanna fremur en búskapur á landi. Þó var þar talsvert af sauðfé, nautgripum og hænsnum, en lítið af hrossum. Séra Gissur Pétursson prestur í Ofanleiti 1687-1713 sagði að flestir hefðu þá ekki fleiri en tvær kýr og margir eina svo að „allir verða að tilkaupa smjör, vaðmál, skæðaskinn og sýru frá meginlandinu“[28]. Víða eru örnefni og minjar sem vísa til sauðfjárbúskapar eyjaskeggja. Í umfjöllun um býlin er gerð grein fyrir skiptingu eyjanna og nytjum.

Hvert haust um veturnætur var sauðfé smalað til skilarétta í úteyjunum er fjáreigendur áttu að tilkynna hreppstjóranum hve margt fé hann hafði í hagabeit. Menn höfðu ákveðna ítölu fjár og varð að farga því ef ekki var hægt að koma því fyrir í annarra högum. Sama regla gilti á öllum eyjunum. Sauðfé gekk að mestu sjálfala sumar sem vetur, engin fjárhús voru né kvíar eða stekkir, en fjárborgir voru notaðar til að skjóls í hretviðrum. Annars voru notaðir þeir fjölmörgu skútar og hellar sem víða eru um eyjarnar. Yfir sumartímann var allt fé flutt til grasbeitar í úteyjunum. Talið var að eyjarnar bæru 1400 fjár.[29] Jarðrækt var ekki mikil en flest býlin sem höfðu kýr hlóðu garða umhverfis heimatúnið og kartöflugarðinn. Þeir eru flestir burtu máðir nú. Eldsneyti var eitt mesta vandamál eyjaskeggja og var bjargast við þurrkaða kúamykju, hrossatað, lambaspörð, fugla- og fiskbein og annan úrgang og kol á seinni tímum ef hagur leyfði.[30] Vegna takmarkaðra grasnytja og eldiviðarskorts og kýr á bæjunum fyrir ofan Hraun voru yfirleitt hafðar inni mest allt árið, beit var af skornum skammti og það þurfti ekki að spyrja hvers mykjan var eða hvar ef kýrnar voru inni.[31] Ær virðast ekki hafa verið mjólkaðar í kvíum, enda segir séra Jón Austmann í Eyjum að á árunum 1827-1858 hafi það ekki svarað kostnaði og ekkert hey til að gefa þeim yfir veturinn. Allt hey fór í kýrnar. Tómthúsin sem víða voru nutu engra jarðarnytja, þótt öll hefðu leyfi til að hafa matjurtagarð. Tómthúsmenn máttu yfirleitt skera torf eftir þörfum og áttu að greiða 60 fiska í lóðarleigu Þeir sem bjuggu í timburhjöllum og áttu ekki rétt til torfskurðar guldu 32 fiska í leigu. Á árunum 1840-1860 voru 12 tómthús í Heimaey.[32]

Uppdráttur Sæmundar Hólm af Heimaey frá 1776[33] sýnir helstu kennileiti og býli í eyjunni. Þótt teikningin sýni ekki raunverulegt útliti eyjarinnar má fá nokkuð glögga mynd af staðháttum, afstaða milli bæja, túngarðar, tómthús, fjöll og hæðir.

1 Heimaklettur
2 Miðklettur
3 Ystiklettur
4 Klifið
5 Sker(sl)in
6 Dalfjall
7 Skiphellar

---

[26] Íslendinga sögur, 1946. Bls. 206-207.
[27] Ágúst Ó. Georgsson, 1990. Bls. 15.
[28] Þorkell Jóhannesson, 1938. Bls. 99.
[29] Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 35.
[30] Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 51-53. Þorkell Jóhannesson, 1938. Bls. 148, 153.
[31] Þorkell Jóhannesson, 1938. Bls. 147.
[32] Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 34.
[33] Uppdrátturinn er birtur í Árbók Ferðafélags Íslands árið 1948. Bls. 71.

8 Fiskhellar
9 Herjólfsdalur
10 Helgafell
11 Sæfjall
12 Litlihöfði
13 Brimurð
14 Ræningjatangi
15 Garðsendavík
16 Víkin (lending)
17 Stórihöfði
18 Ofanleitishamar
19 Há
20 Klettsnef
21 Klettshellir
22 Klettsvík
23 Klemenseyri
24 Hafnareyri
25 Langa
26 Þrælaeiði
27 Klifháls
28 Botninn
29 Skildingafjara
30 Básar
31 Skipauppsátrið
32 Kaplagjóta
33 Prestasteinn
34 Kópavík
35 Gunnarsurð
36 Fiskigarðar
37 Rauðihamar
(þar í er mikill hellir)

A Landakirkja
B Skansinn
C Miðhús
D Gjábakki
E Vilborgarstaðir
F Kirkjubær
G Oddsstaðir
H Ólafshús, Nýjibær, Vesturhús
I Gerði
K Dalir
L Ofanleiti
M Þorlaugargerði
N Steinsstaðir
O Norðurgarður
P Stakkagerði
R Húsmannshús og hjallar



Örnefni og minjar víða um eyjarnar minna á aðferðir og aðstöðu við eggjatöku, fugla- og fiskveiðarnar og þótt hér sé margt nefnt er líka margt ónefnt í þeim efnum. Helsta höfnin var við Skipasand, Stokka- og Nýjabæjarhellu, en „Ofanbyggjarar“ voru með veiðistöðu með smábáta í víkinni norðan við Stórhöfða. Fiskimið eru allt í kring og stutt að fara. Tekin voru mið í land og eru nokkur hér upp talin, en ítarlegri upplýsingar er að fá í upptalningu séra Gissurar Pétursonar frá aldamótum 1700 eða

þar um bil[34] og Brynjólfs Jónssonar í sóknarlýsingum sem út komu 1918.[35] Búast má við að ýmsar upplýsingar bætist við og er nauðsynlegt að halda þeim til haga.

Önnur hlunnindi en veiðar og grasnyt voru fremur fátækleg. Umboðsmaður konungs hirti allan reka og útbýtti, að frátöldum reka í Klettsvík sem sýslumaður átti, en menn máttu taka tré sem þeir fundu upp að 3 álna stærð. Söl, fjörugrös og krækiber máttu menn hirða hvar sem var. Hvannatekja var í Heimakletti fyrir þá sem máttu nýta hana þar. Margrét Hallsdóttir jarðfræðingur segir að frjógreiningar á jarðvegssniðum í Torfmýri bendi ekki til mikillar jarðræktar í Heimaey, en tekur fram að jarðvegssýnin gefi ekki glögga mynd af jurtaflóru eyjarinnar. Hún telur ástæðu til að ætla að hvannatekja hafi verið mjög góð fyrstu aldir byggðar, en hvannastóðið hafi hopað eftir því sem nytjar jukust. Gróður í Heimaey er fremur fáskrúðugur, en sá gróður sem þar vex hefur alltaf verið óvenju gróðurríkur miðað við mjög mikla beit. Safríkan gróðurinn mátti rekja til bjargfuglsins, því það var sá eini áburður sem gróðurinn fékk, því þrátt fyrir mikla beit var honum ekki skilað því sem skepnur skildu eftir sig, allt tað var nýtt til eldiviðar.[36]

Örnefnið Torfmýri vísar til þess að þar hafi verið hægt að taka torf . Torftaka var mikil fram á 19. öld, enda voru öll hús tyrfð. Áður var talin mótekja í mýrinni, en hún var löngu uppurin er Gizur Pétursson var prestur að Ofanleiti 1687-1713. Hann sagði að mýrin og allt annað gróðurlendi á eyjunni hafi þá verið ofbeitt vegna fjölda búfjár. Þá voru í eyjunni 80 kýr og 50 hestar auk alls sauðfjár. Hann talaði um mikinn torfskurð í mýrinni, en ekkert um mótekju[37] enda var Árna Magnússyni og Páli Vídalín sagt 1704 að ekkert eldiviðartak væri á eyjunni, hvorki hrís né mór. Af skrifum séra Jóns Austmanns[38] um miðja 19. öld má ráða að torfskurðurinn hefur verið bágborinn og sennilega ekki endilega bundinn við Torfmýrina, því hann segir að menn sú að rista kringlutorf þar sem það næst til mikils skaða fyrir beitilandið. Kringlutorf var tekið af þéttvöxnu rótargóðu valllendi. Allt gróðurlendi Heimaeyjar var mjög viðkvæmt vegna ofbeitar og hefur torftakan sett mikinn svip á eyjuna og valdið skaða. Þetta breyttist allt er menn fóru að byggja ótyrfð timburhús og hlöður fyrir hey í stað þess að rista heytorf og leggja yfir heyin. Sagði Jón torfeklu svo mikla að sumir fengju torf ofan af fastalandinu, en það væri þó sjaldgæft.

Annað sýsl íbúanna var af ýmsu tagi og má þar telja daglaunavinnu á verslunarstaðnum þegar kaupmenn kölluðu og stöku smiðir stunduðu skipa- og húsbyggingar. Til nánari upplýsinga má benda á skrif tveggja Vestmanneyjapresta, séra Gissur Pétursson 1687-1713 og séra Jón Austmann 1827-1858 um líf og landshag í Eyjum í bók Þorkels Jóhannessonar um Örnefni í Vestmannaeyjum, sem kom út 1938.

Alfaravegir um Heimaey voru tveir, báðir frá kauptúninu, suður úr og austur úr. Var suðurleiðin kölluð þjóðvegur og var borin í hann mold og möl árlega. Lítið er eftir af þessum vegslóðum í dag þótt greina megi á leiðinni „upp fyrir hraun“.

**Náttúrufar og jarðabætur**

Heimaey er suður undan Langeyjarsandi í Rangárvallasýslu. Hún er langstærst og eina eyjan sem var/er byggð. Heimaklettur (283 m) er landfastur við hana að norðan og Miðklettur og Ystiklettur (209 m) fastir hver við annan í framhaldi af honum.

---

[34] Þorkell Jóhannesson, 1938. Bls. 158-160.
[35] Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 36-45.
[36] Margrét Hallsdóttir, 1984. Bls. 59.
[37] Þorkell Jóhannesson, 1938. Bls. 105.
[38] Þorkell Jóhannesson, 1938. Bls. 153.

Heitir Eiðið, sá hluti lands er tengir Heimaklett og Klifið á Heimaey. Önnur helstu kennileiti á Heimaey eru Dalfjall sem skýlir Herjólfsdal í vestnorðvestri. Þar er Blátindur hæstur (273). Há heitir fellið norðvestan við kaupstaðinn. Austan og sunnan eru Eldfell og Helgafell (226 m) sunnar, bæði virk eldfjöll. Sunnan við núverandi flugvöll ber Háubúr (188 m) við himinn og syðst á eyjunni trónar Stórhöfði (122 m) Í landnorður frá honum Dalfjallshryggur. Dalir eru helstir Herjólfsdalur, Djúpidalur og Lyngfellsdalur. Eldhraun setja mikinn svip sinn á allt landslag í eyjunni og þar eru fjöldi hella og miklir hamrar. Örugg höfn er ein. Jarðvegur er ekki mikill, en vísbending er um að hann hafi verið meiri. Stöðuvötn eru engin, en uppsprettur nokkrar.[39]

[39] Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 15-19.




*Kortið er Herforingjaráðskort birt aftan við lýsingu Vestmannaeyjasóknar eftir Brynjólf  Jónsson, sem gefin var út í Kaupmannahöfn 1918.*

**Fornleifar í númeraröð:**

**Áningarstaður - 182402-1**
**Sérheiti: Hvílurof**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Hólbarð á leiðinni upp að Dölum neðan af Sandi, austan við Löngulá.

**Aðrar upplýsingar**
Hér hvíldu menn sig er þeir báru byrgði sína í skrínum upp eftir. Fyrrum var mikil skrínuöld. Var allt til heimils þarfa borið á bakinu í skrínum (skrínuburður).
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938, *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 54. Reykjavík

**Bátahöfn - 182402-2**
**Sérheiti: Holuklettur**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Norðan undir Skansinum.
**Aðrar upplýsingar**
Þar austur af var kaupfarslegan fyrrum, og var afturfesti skipana í Holukletti, en framfestar í Hringskeri.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938, *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 52. Reykjavík.

**Bæjarhóll - 182165-3**
**Sérheiti: Gvendarhús**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Gvendarhús tilheyrði Ofanleiti og er fyrst talað um það á 17. öld.
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 14. Kaupmannahöfn.
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 25. Reykjavík.

**Bænhús - 182402-4**
**Sérheiti: Bænhús**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Á sama stað og Kirkjubæjarkirkja stóð fyrrum. Veggir og austurgafl voru hlaðnir úr torfi og grjóti. Vesturgaflinn var úr timbri með áfelldum borðum og var á lítill gluggi.
**Aðrar upplýsingar**
Kirkjan þar var lögð niður 1573 og taldist þá húsið bænhús. Prestsetur var í Kirkjubæ til 1837 er prestaköll Ofanleitis og Kirkjubæjar voru sameinuð í Vestmanneyjaprestakall. Bænhúsið að Kirkjubæ stóð framundir aldamótin 1900. Er bænhúsið var rifið var byggð upp skemma á sama grunni, nema austurhlutinn fór undir kálgarð, austan við skemmuna. Þar fannst legsteinn Jóns Þorsteinssonar vorið 1924. Hann er úr móbergi varðveittur á Þjóminjasafni Íslands, en eftirlíking hans var afhjúpuð í Heimaey 1927.
**Heimildaskrá**
Guðjón Ármann Guðjónsson, 1973. *Vestmannaeyjar. Byggð og eldgos*. Bls. 123. Reykjavík.

**Beitiland - 182402-5**
**Sérheiti: Halldórsskora**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Halldóruskora er neðan og vestan við Hvíld. Þetta er grastó í klettaskoru.
**Aðrar upplýsingar**
Þarna var lömbum beitt á vetrum.

**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. Örnefni í Vestmannaeyjum. Örnefnastofnun.

**Brunnur - 182402-6**
**Sérheiti: Andrésarbrunnar**
**Tegund: Brunnur 465**
**Aðrar upplýsingar**
Andrésarbrunnar eða Andrésbrunnar, Jón Eiríksson sýslumaður segir 1787, að leifar hafi sést af þeim á Póstflötum, og telji menn að gott vatn hafi verið í þeim
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 30. Reykjavík.

**Brunnur - 182402-7**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Í Ofanleitistúni
**Aðrar upplýsingar**
Brunnur var gerður á þessum stað vegna þess að land hallaði að og söfnuðu þeir svo í sig rigningarvatni.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938 . *Örnefni í Vestmannaeyjum* bls. 36. Reykjavík.

**Brunnur - 182402-8**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Í Gjábakkatúni.
**Aðrar upplýsingar**
Brunnar voru gerðir á þeim stöðum sem hallaði að svo vatnið safnaðist fyrir.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum* bls. 36. Reykjavík.
*Árbók Hins íslenzka Fornleifafélags*. Bls. 6 Reykjavík 1913.

**Bryggja - 182402-9**
**Sérheiti: Steinbryggja**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Klettahlein milli Holukletti og Keðjuklappar.
**Aðrar upplýsingar**
Mjög aðdjúpt var að Keðjuklöpp og gott að skipa upp á Steinbryggju, sem var notuð á meðan kaupstaður var á Skansinum.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. bls. 74. Reykjavík.
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Bústaður- 182402-10**
**Sérheiti: Garðhús**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Garðhús var húsmannshús á Heimaey 1704. Þar við heiðina er Garðhúshóll þar sem áður var einnig húsmannsbýli.
**Aðrar upplýsingar**
Kirkjuvegur 14, heitir nú Garðhús, á lóðinni stóð áður húsið Garðbær. Nöfnin gefa vísbendingu um að hér hafi áður staðið húsmannshúsið Garðhús

**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 19. Kaupmannahöfn.

**Bústaður - 182402-11**
**Sérheiti: Hólshús**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Hólshús var húsmannsbýli í Heimaey árið 1704 og byggt upp úr hjalli sem þarna var áður. Húsaleigan greiddist í fiskum og viðhaldi hússins, eins og hjá öðru tómthúsfólki.
**Aðrar upplýsingar**
Bárustígur 9 a, heitir nú Hólshús (byggt 1955), gefur sennilega vísbendingu um hvar húsmannsbýlið Hólshús hafi verið.
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 19. Kaupmannahöfn.
*Götu- og húsaskrá Vestmannaeyja*, 2002 Tæknideild Vestamannaeyjabæjar.

**Bústaður - 182402-12**
**Sérheiti: Elínarhús**
**Tegund: Heimild 465**
**Aðrar upplýsingar**
Elínarhús var sagt gamalt húsmannshús 1704, og var húsaleigan greidd í fiski.
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 20. Kaupmannahöfn.

**Bústaður - 182402-13**
**Sérheiti: Runkahús**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
„Runka hus annad var tilforna þar áfast vid, sem nu er af fallid fyrer laungu“, segir bls. 20 í Jarðabók Árna og Páls.
**Aðrar upplýsingar**
Runkahús var gamalt húsmannshús og húsaleigan greidd í fiski 1704. Eitt af tómthúsunum.
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 20. Kaupmannahöfn.
*Götu- og húsaskrá Vestmannaeyja*, 2002 Tæknideild Vestamannaeyjabæjar.

**Bústaður - 182402-14**
**Sérheiti: Kokkhús**
**Tegund: Heimild 465**
**Aðrar upplýsingar**
Á Hóli var gamalt hús 1704 og húsaleigan greidd í fiski, en umboðsmaður konungs sá um að viða það.
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 20. Kaupmannahöfn.

**Bústaður - 182402-15**

**Sérheiti: Fagrihóll**
**Tegund: Heimild 465**
**Aðrar upplýsingar**
Fagrihóll var húsmannsbýli 1704 sem byggt var upp úr lítilfjörlegum hjalli hálfi öld áður og var þá kallað Sigguhús. Húsaleigan var greidd í fiski og viðhaldi hússins. Strandvegur 55 er Fagurhóll í dag, nafnið gefur vísbendingu um að hér hafi Fagrihóll verið fyrrum.
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 20. Kaupmannahöfn.
*Götu- og húsaheiti í Vestmannaeyjum*, 2002. Tæknideild Vestmannaeyabæjar.

**Bústaður - 182402-16**
**Sérheiti: Sandhóll**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Á sama stað voru áður hús sem hétu Fagrihóll, Bylta eða Pokra og Dularahús, en þau höfði lengi verið í eyði.
**Aðrar upplýsingar**
Sandhóll var gamalt húsmannsbýli árið 1704. Leiga greidd í fiski og ábúandi viðaði húsið og hélt því við.
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 20. Kaupmannahöfn.

**Bústaður - 182402-17**
**Sérheiti: Þorgerðarhjallur**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Árið 1704 hafði Þorgerðarhjallur verið í byggð í 40 ár og hafði áður heitið Sölkuhjallur. Húsaleiga greidd með fiski.
**Aðrar upplýsingar**
Sagt vera tómthús.
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 21. Kaupmannahöfn.
*Götu- og húsaskrá Vestmannaeyja*, 2002 Tæknideild Vestamannaeyjabæjar.

**Bústaður - 182402-18**
**Sérheiti: Brattahús**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Árið 1704 var talið að Brattahús væri 60 ára gamalt og galt jafnmarga fiska í húsaleigu. Brattahús stóð í Kastalanum.
**Aðrar upplýsingar**
Kastali stóð við Nýja tún (nú fyllt upp) samkvæmt manntali 1859. Eitt af svonefndum Kóngshúsum.
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 21. Kaupmannahöfn.
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 16. Reykjavík.
*Götu- og húsaskrá Vestmannaeyja*, 2002 Tæknideild Vestamannaeyjabæjar.

**Bústaður - 182402-19**
**Sérheiti: Brattahús (Bratthús)**
**Tegund: Heimild 465**
**Aðrar upplýsingar**
Brattahús eða Óshildarhús var sagt gamalt húsmannsbýli 1704. Leigan var greidd með viðhaldi húss og fiski. Sennilega hið sama og númer 18. Ath. á vettvangi.
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 21. Kaupmannahöfn.

**Bústaður - 182402-20**
**Sérheiti: Rass**
**Tegund: Heimild 465**
**Aðrar upplýsingar**
Rass var gamalt húsmannsbýli árið 1704, sem þá um stundir var kallað Eiríkshús, eftir íbúa hússins, sem galt sín gjöld í fiski. Það lá lengi í eyði og var þá nýlega komið í byggð aftur.
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 21. Kaupmannahöfn.

**Bústaður - 182402-21**
**Sérheiti: Húsið**
**Tegund: Heimild 465**
**Aðrar upplýsingar**
Húsið var nafnlaust en 1704 var það kallað Eiríkshús eftir ábúandanum, sem galt sína húsaleigu í fiski og átti að halda við húsinu, en það leit ekki vel út þá því „Hused er ad falle komid, þar ibuandenn ei getur fyrer fátæktar saker vidu i keypt“, segir bls. 21 í Jarðabók Árna og Páls. Staðurinn fór undir hraun árið 1973.
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 21. Kaupmannahöfn.

**Bústaður - 182402-22**
**Sérheiti: Björnshús**
**Tegund: Heimild 465**
**Aðrar upplýsingar**
Björnshús eða Einarshús eins og sumir kölluðu það var gamalt húsmannsbýli, sem hafði verið í eyði í 14 ár en umboðsmaður konungs lét byggja upp aftur árið 1702. Sagðist umboðsmaður hafa gert það fyrir sýslumanninn til eignar og væru engin leigugjöld af því, nema viðhald. Einarshúss er getið í manntali frá 1859
**Heimildaskrá**
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 21. Kaupmannahöfn.
*Götu- og húsaskrá Vestmannaeyja*, 2002  Tæknideild Vestamannaeyjabæjar.

**Bústaður - 182402-23**
**Sérheiti: Hóll**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Hóll var gamalt húsmannsbýli, sem greitt var fyrir í fiski en umboðsmaður sá um viðhald.
**Aðrar upplýsingar**

Húsið Miðstræti 5 a, heitir Hóll (byggt 1908), og gefur vísbendingu um að hér hafi áður verið húsmannsbýlið sem hét Hóll

**Heimildaskrá**

Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 20. Kaupmannahöfn.

*Götu- og húsaskrá Vestmannaeyja*. 2002 Tæknideild Vestamannaeyjabæjar.

**Bústaður- 182402-24**
**Sérheiti: Ingimundarhús**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**

Ingimundarhús í Syðri löndum, einnig kallað Árnahús, var gamalt húsmannsbýli. Þar hjá voru í eyði húsmannshúsin: Símonarhús, Ormshús (Ormsbær) og Sólveigarhús (Sólveigarbær) og svo Clausarhús, sem áður var verbúð af landi.

**Aðrar upplýsingar**

Staðurinn fór undir hraun árið 1973.

**Heimildaskrá**

Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 22. Kaupmannahöfn.

**Bústaður - 182402-25**
**Sérheiti: Ámundabær**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**

Ámundabær í Nyrðri löndum var áður kallaður Lazariet eða Lassarétt. Eyðibýli í Nyrðri löndum þar hjá voru: Miðbær, Ásmundarbær, Smalabær og höfðu lagst af í eyði í harðindakaflanum í lok 17. aldar. Þessum húsmannshúsum fylgdu fiskigarðar niðri við sjóinn.

**Aðrar upplýsingar**

Ábúendur Ámundabæjar greiddu leigu í fiski eins og aðrir. Þar var tvíbýli, húsmenn, og gegndi annar hreppstjóraembætti og sá hann um viðhald bæjarins. Þeir máttu ekki eiga báta en urðu að róa á bátum umboðsmannsins á sumrin ef hann fór fram á það. Þeir mega nýta sér hlunnindi eyjarinnar óáreittir s.s fugla- og sölvatekju.
Staðurinn hvarf undir hraun árið 1973.

**Heimildaskrá**

Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 22. Kaupmannahöfn.

**Bústaður - 182402-26**
**Sérheiti: Gerði**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**

Í suðvesturátt frá Ólafshúsum, sunnan við hólinn Frið voru Litla-Gerði og Stóra-Gerði við rætur Helgafells. Er Sæmundur Hólm teiknaði uppdrátt sinn af Heimaey árið 1776 hétu þessi býli einu nafni Gerði.

**Heimildaskrá**

Jóh. Gunnar Ólafsson, 1948. *Vestmannaeyjar. Árbók Ferðafélags Íslands*. Bls. 70-71. Reykjavík.

**Byrgi- 182402-27**
**Sérheiti: Hákarlabyrgi**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**

Kambshellir liggur rétt fyrir ofan Kambinn í Miðkletti. Fremur lítill.
**Aðrar upplýsingar**
Sagt er að hér hafi hákarl verið þurrkaður á sumrum áður fyrr og var þá kallaður Hákarlabyrgi.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 157. Reykjavík.

**Byrgi - 182402-28**
**Sérheiti: Vesturhúsabyrgi**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Nyrst í Hánni, dalmeginn er bjarg. Í því eru smáhillur sem kallast Vestuhúsabyrgi og voru notaðar sem fiskibyrgi. Neðan við en sunnar er svokallað Mykjudagsgrjót.
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Byrgi - 182402-29**
**Sérheiti: Fiskhellar**
**Tegund: Hleðsla 465**
**Staðhættir og lýsing**
Syðst í austur Dalfjalli eru Fiskhellar. Þar er bjargið burstamyndað og voru þar áður fyrr fiskibyrgi Eyjabúa, hlaðin í smábekki.
**Aðrar upplýsingar**
Hleðslugrjótið var dregið upp á hilluna í böndum. T.d. á Þorlaugargerðishillu þar sem var allmikil hleðsla.
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Byrgi - 182402-30**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Á vestra-(Syðra-) Hvannhillunefi
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938, *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 52. Reykjavík.

**Byrgi - 182402-31**
**Sérheiti: Skrúðbyrgi**
**Tegund: Sögustaður 465**
**Staðhættir og lýsing**
Austan í Kleifnabergi í Heimakletti. Fyrr á öldum er hugsanlegt að grasi gróin göngufær brekka hafi legið upp að Skrúðabyrgi.
**Munnmæli**
Munnmæli segja að hér hafi í fyrndinni verið geymdur skrúði Klemenskirkju.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 72. Reykjavík.
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Dys - 182402-32**
**Sérheiti: Unur**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
2-3 þúfur í túninu vestur af Ofanleiti.
**Munnmæli**

Það var mál manna að þær væru dysjar eða leiði þar sem grafnir væru menn eða gullöxi. Trúðu menn því að ef þeim væri raskað rændi „Tyrkinn hér að nýju“.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 79. Reykjavík

**Dys - 182402-33**
**Sérheiti: Völvuleiði**
**Tegund: Dys 465**
**Staðhættir og lýsing**
Syðst í Unum (sjá nr.32) við Ofanleiti. 2 þúfur um 6 fet á lengd hvor.
**Munnmæli**
Ekki mátti slá þúfurnar.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 81. Reykjavík

**Dys - 182402-34**
**Sérheiti: Dys**
**Tegund: Dys 465**
**Staðhættir og lýsing**
Vestan við Erlendarkrær er Dys.
**Aðrar upplýsingar**
Sögn manna er að 4-6 menn séu grafnir þarna. Þeir fundust í enskri skútu sem róið var upp í Víkina, vestan fyrir Stórhöfða um 1820-1830. Var skútan á hliðinni og full af sjó. Var góss úr henni flutt á land en líkin dysjuð þarna. Gjörðust eftir það reimleikar miklir, er góssið var vaktað, og linnti ekki fyrr en allt var selt. Hélst enginn við yfir góssinu nema Guðrún nokkur Laugadóttir, sem er sú sama og ein þoldi við í Bólinu á Ystakletti.
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Eyktamark - 182402-35**
**Sérheiti: Hádegishóll**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Í suður frá Þorlaugagerði.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938, *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 40. Reykjavík.

**Eyktamark - 182402-36**
**Sérheiti: Náttmálaskarð**
**Tegund: Örnefni 465**
**Staðhættir og lýsing**
Milli Klifs og Dalfjalls.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 65. Reykjavík.

**Eyktamark - 182402-37**
**Sérheiti: Nónhóll**
**Tegund: Örnefni 465**
**Staðhættir og lýsing**
Suður af Dölum klettahóll í garðlaginu
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 66. Reykjavík.

**Eyktamark - 182402-38**
**Sérheiti: Nónhóll**
**Tegund: Örnefni 465**
**Staðhættir og lýsing**
Í Eystra-Þorlaugargerðistúni.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 66. Reykjavík.

**Eyktamark - 182402-39**
**Sérheiti: Mykjutagstó**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Sunnan við Molda við Herjólfdal austanverðan.
**Aðrar upplýsingar**
Mykjuteigstó, hefur líka nafnið Miðdagstó og Mykitakstó. Þetta mun vera dagsmark frá Ofanleitisbæjunum og hefur sennilega einhvern tíma heitið Miðdagstó. Hádegi er í Ofanleiti er sólin skín á tóna.
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 64. Reykjavík.

**Festi - 182402-40**
**Sérheiti: Árnasteinn**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Sæbarinn blágrýtissteinn (skipafestarsteinn) sem liggur við veginn upp fyrir hraun skammt fyrir neðan Olnboga.
**Aðrar upplýsingar**
Steinn þessi er nú burt fluttur, var um 300 pd, að þyngd.
**Munnmæli**
Sögn að steininn hafi þangað verið borinn í ógáti af Árna bónda í Norðurgarði. Gáði hann þessi ekki fyrir reiði sakir, er hann gekk frá skipi, að hann bar með sér festarstein sinn alla leið upp undir Olnboga. Aðrir segja að honum hafi verið borði lát konu sinnar og yrði honum svo mikið um þau tíðindi.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum* bls. 32. Reykjavík.

**Fiskbyrgi - 182402-41**
**Sérheiti: Fiskhellar**
**Tegund: Hleðsla 465**
**Aðrar upplýsingar**
Friðlýsing: Fiskabyrgin gömlu sunnan í Hánni fyrir austan Herjólfsdal Matthías Þórðarson 25.10.1930. Þinglýst 27.01.1931
**Heimildaskrá**
Ágúst Ó. Georgsson, 1990. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Bls.*15. Reykjavík.
Þorkell Jóhannesson 1938, *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 42. Reykjavík.

**Fiskþurrkun - 182402-42**
**Sérheiti: Sporðhilla**
**Tegund: Hleðsla 465**
**Staðhættir og lýsing**
Í Fiskhellum austasti hluti Steðjabrings.

**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 73. Reykjavík

**Fiskþurrkun - 182402-43**
**Sérheiti: Fiskhellar**
**Tegund: Hellir 465, hleðsla 465**
**Staðhættir og lýsing**
Fiskhellar í Hánni.
**Aðrar upplýsingar**
Fiskhellar, þar var geymdur og þurrkaður fiskur.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 108. Reykjavík

**Fiskþurrkun - 182402-44**
**Sérheiti: Þurrkhúsið**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Þurrkhúsið stóð austur af Akrinum og upp af Helli.
**Aðrar upplýsingar**
Þurrkhúsið var byggt um 1930, var þurrkaður saltfiskur í því alla tíð. Staðurinn hvarf undir hraun árið 1973.
**Heimildaskrá**
Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973. *Vestmannaeyjar byggð og eldgos*. Bls. 48. Reykjavík.

**Fiskvinnsla - 182402-45**
**Sérheiti: Rönkukró**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Hér stóð vitinn á Urðum .
**Aðrar upplýsingar**
Sagt er að hér hafi staðið fiskikró, er Sigurður nokkur hlóð, en kona hans var kölluð Ranka, og var króinn kölluð nefnd efir henni. Í daglegu tali fólks á Kirkjubæ var talað um að fara að Rönku, en eftir að vitinn var reistur var talað um að fara austur að vita og ganga suður fyrir vita. Staðurinn hvarf undir hraun árið 1973.
**Heimildaskrá**
Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973. *Vestmannaeyjar byggð og eldgos*. Bls. 53. Reykjavík.

**Fjárborg - 182402-46**
**Sérheiti: Gamlaból**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Í Ystakletti, austur undir Sandtorfu. Skúti í bergið.
**Aðrar upplýsingar**
Skútinn notaður sem fjárból, og um tíma sem viðlegustaður.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938, *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 44. Reykjavík.

**Fjárborg - 182402-47**
**Sérheiti: Haugaborg**
**Tegund: Hleðsla 465**
**Staðhættir og lýsing**

Gömul fjárrétt var í Haugum milli Skarfatanga og Selfjalls. Sunnarlega á Kirkjubæjartúninu, við Litla-Fell. Fjárborgin var hringlaga hlaðin úr hraungrýti sem þarna stóð upp úr landinu. Fé gat líka farið í fjárborgina í slæmum veðrum. Hún var einnig notuð þegar fé var rúið.

**Heimildaskrá**

Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.
Guðjón Ármann Eyjólfsson 1973. *Vestmannaeyjar byggð og eldgos*. Bls. 59. Reykjavík..
Þorkell Jóhannesson 1938, *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 48. Reykjavík

**Fjárborg - 182402-48**
**Sérheiti: Ból**
**Tegund: Hellir 465**
**Staðhættir og lýsing**

Ból er skúti í grasbrekku, sem kölluð var Lauslæti í Ystakletti. Vestan við Skriðuna, sem er austan við Klettavík. Fram til 1914 var Ból notað af fuglaveiðimönnum á sumrin og sem fjárból á vetrum.

**Aðrar upplýsingar**

Rétt hjá Bóli er Draugató eða marktó öðru nafni, áttu þaðan að staf svo miklir reimleikar að enginn hélst þar við fyrr en Guðrún Laugadóttir sem gekk til fjár þar í kring um 1820. Guðrún sú hlýtur að hafa haft stáltaugar því hún lét engan draugagang hrekja sig af leið, hvorki þarna né við Erlendarkrær suður við Stórhöfða.

**Heimildaskrá**

Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Fjárborg - 182402-49**
**Sérheiti: Gunnarsurðarból**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**

Upp af Gunnarsurð var fjárból nefnt eftir urðinni.

**Heimildaskrá**

Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Fjárborg - 182402-50**
**Sérheiti: Bótólfsból**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**

Upp af Kaplagjótu er fjárbólið Bótólfsból.

**Heimildaskrá**

Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Fjárborg - 182402-51**
**Sérheiti: Sauðaból**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**

Sauðaból er fjárból norður af Sauðabólsbekkjum sem eru stutt frá Halldórsskoru.

**Heimildaskrá**

Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Fjárborg - 182402-52**
**Sérheiti: Steinsstaðaborg**
**Tegund: Hleðsla 465**
**Staðhættir og lýsing**

Vestur af Ömpustekkjum.
**Aðrar upplýsingar**
Fé af vesturheiðinni, Steinsstaðaheiði og Staðarheiði austur af Ofanleiti var safnað í Steinsstaðaborg.
**Heimildaskrá**
Guðjón Ármann Eyjólfsson 1973. *Vestmannaeyjar byggð og eldgos*. Bls. 59. Reykjavík.

**Fjárgata - 182402-53**
**Sérheiti: Sauðagata**
**Tegund: Gata 465**
**Staðhættir og lýsing**
Sunnan við Bensanef í Klifi.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 69. Reykjavík..

**Fjárhús - 182402-54**
**Sérheiti: Tobbakofi**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Björnsurð, sem var spölkorn austan við Helli og Ufsasker. Á klöppunum vestan við Björnsurð var þurrkaður saltfiskur. þar rétt ofan við traðir sem lágu austar með Urðunum var gamall kofi.
**Aðrar upplýsingar**
Kofinn var í daglegu tali kallaður Tobbakofi, kenndur við Þorbjörn Guðjónsson bónda á Kirkjubæ sem fyrst átti kofann og byggði. Síðast var kofi þessi notaður af Sigurði Kristinssyni á Löndum sem skýli fyrir fé sem gekk úti, en Sigurður og Kristinn faðir hans nytjuðu túnið sem lá ofan við vegartroðninginn. Staðurinn hvarf undir hraun árið 1973.
**Heimildaskrá**
Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973. *Vestmannaeyjar byggð og eldgos*. Bls. 49. Reykjavík.

**Fjárrétt - 182402-56**
**Sérheiti: Almenningur**
**Tegund: Rétt 465**
**Aðrar upplýsingar**
Á eiðinu er fjárréttin eða Almenningurinn, því þaðan er hægast að flytja féð í úteyjarnar.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 30. Reykjavík.

**Fjörunytjar - 182402-57**
**Sérheiti: Grasatangi**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Grasatangi er austur af Vilborgarstaðatanga og aðeins upp úr sjó á fjöru.
**Aðrar upplýsingar**
Áður voru tekin fjörugrös á tanganum og gátu allir sótt í þau sem vildu. Staðurinn hvarf undir hraun árið 1973.
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.
**Fuglaveiði - 182402-58**

**Sérheiti: Ból**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Skúti efst í Lauslæti vestan við skriðuna er fellur úr Háhaus, hæsta tindi Ystakletts.
**Aðrar upplýsingar**
Staðurinn einnig kallaður leguból
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 34 Reykjavík.

**Fuglaveiði - 182402-59**
**Sérheiti: Bólbekkur**
**Tegund: Garðlag 465**
**Staðhættir og lýsing**
Bólbekkur er sunnan í Miðkletti á milli Mókletts og Álkuhamars
**Aðrar upplýsingar**
Þar sást enn fyrir hleðslum 1938.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 34. Reykjavík 1938

**Fuglaveiði - 182402-60**
**Sérheiti: Viðleguból**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Upp af Hvannahillu.
**Aðrar upplýsingar**
Þarna höfðu veiðimenn aðsetur frá ómunatíð þangað til 1888, er hætt var að nota það vegna hræðslu um, að það kynni að falla.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 79. Reykjavík

**Garður - 182402-61**
**Sérheiti: Nýjabæjargarðar**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Klapparhryggur sunnan við hafnarbotninn.
**Aðrar upplýsingar**
Hér voru áður fiskigarðar frá Nýjabæ.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 66. Reykjavík.

**Girðing - 182402-62**
**Sérheiti: Niðurgirðing**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Forn girðing umhverfis Kornhól, Miðhús og Gjábakka.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 65. Reykjavík.

**Girðing - 182402-63**
**Sérheiti: Ofanbyggjaragirðing**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Forn girðing kringum tún Ofanleitisbæja, Ofanleitis, Norðurgarðs, Svaðskots,

Gvendarhúsa, Draumbæjar, Brekkuhúsa, Þorlaugagerðis og Steinsstaða.

**Aðrar upplýsingar**

Girðingin var einnig nefnd Ofanleitisgirðing.

**Heimildaskrá**

Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 66-67. Reykjavík.

**Grasflöt - 182402-64**
**Sérheiti: Kirkjuflöt**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**

Grasflöt sunnan við Landakirkju.

**Heimildaskrá**

Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 57, Reykjavík

**Hellir - 182402-65**
**Sérheiti: Hundraðsmannahellir**
**Tegund: Hellir 465**
**Staðhættir og lýsing**

Í miðju hrauninu. Mið í hellinn er: Hanahöfuð við Halldóruskoru og Hásteinn í Dönskutó.

**Aðrar upplýsingar**

Lýsing Gísla Lárussonar á hellinum árið 1914: „Lágur hellir í miðju hrauni. 80 fet á lengd með tveimur kömrum. Er sá lengri, sá er til útsuðurs snýr. Í þessum helli eiga 100 manns að hafa falist fyrir tyrkjum“. Nafnið er dregið þar af.

**Heimildaskrá**

Þorkell Jóhannesson 1938, *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 53, Reykjavík.
Gísli Lárusson1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun. Reykjavík.

**Hellir - 182402-66**
**Sérheiti: Illugahellir**
**Tegund: Hellir 465**
**Staðhættir og lýsing**

Smáhellir í grjóthól skammt vestan við Hvíld. Hólarnir voru tveir saman. Hellirinn í þeim syðri.

**Aðrar upplýsingar**

Hinn hólinn heitir Illugaskip.

**Munnmæli**

Sögn er að Illugi sé landvættur og búi í hellinum, en hinn hóllinn sé nökkvi hans. Aðrir segja, og er því betur trúað, að séra Illugi Jónsson prestur að Ofanleitið (1733-1744), hafi látið gera að hellinum, svo að gista mætti í honum, ef menn yrðu nauðlega staddir á leið upp yfir Hraun og beri hellirinn nafn hans.

**Heimildaskrá**

Þorkell Jóhannesson 1938, *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 55, Reykjavík

**Hellir - 182402-67**
**Sérheiti: Kambshellir**
**Tegund: Álagablettur 465, náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**

Kambshellir efri, vestan við Steinsstaðastó í Miðkletti ofan við Kamb. Hver eru álögin?

**Heimildaskrá**

Þorkell Jóhannesson 1938, *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 56, Reykjavík

**Hellir - 182402-68**
**Sérheiti: Kethellir**
**Tegund: Hellir 465**
**Staðhættir og lýsing**
Austarlega í Hamrinum.
**Aðrar upplýsingar**
Hellirinn hefur áður verið kallaður Kattarhellir. Smáhellir í Hrauninu var einnig kallaður Kethellir. Nafnið gefur vísbendingu um forðabúr. Kanna þarf betur hvort sögn er til um það eða hvort þarna er/var tryggt fuglavarp.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938, *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 57, Reykjavík

**Hellir - 182402-69**
**Sérheiti: Litlahöfðahellir**
**Tegund: Hellir 465**
**Staðhættir og lýsing**
Ofan við Landsstakkaurð. Hellirinn allstór og tvískiptur. Veiðistaður.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 57. Reykjavík

**Hellir - 182402-70**
**Sérheiti: Rauðhellir**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Í landsnorður frá Kirkjubæ. Opið í hellinn var ofarlega í urðinni, og var erfitt að finna hann.
**Aðrar upplýsingar**
Nú er hellirinn brotinn af sjógangi (1938). Staðurinn fór undir hraun árið 1973.
**Munnmæli**
Í Rauðahelli var Jón Þorsteinsson veginn af Tyrkjum 1627.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 68. Reykjavík.
Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973. *Vestmannaeyjar byggð og eldgos*. Bls. 50. Reykjavík.

**Hellir - 182402-71**
**Sérheiti: Teistuhellir**
**Tegund: Hellir 465**
**Staðhættir og lýsing**
Sunnan við Torfmýri nyrst á Hamri.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 78. Reykjavík

**Hellir - 182402-72**
**Sérheiti: Þuríðarhellir**
**Tegund: Hellir 465**
**Staðhættir og lýsing**
Austast í Heimakletti að sunnan, niður við brún
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 82. Reykjavík.

**Hellir - 182402-73**
**Sérheiti: Haughellir**

**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Í austur frá Kirkjubæ. Suður og upp af Flúðatanga, þar sem bjargið er hæst og opnast til austurs.
**Aðrar upplýsingar**
Annað op var á hellinum nokkuð frá brún og var þar gengið niður í hann. Þetta er frábær útsýnisstaðir og var oft skemmtilegt að liggja á flötu hellisgólfinu og horfa fram á og til hafs.
**Heimildaskrá**
Guðjón Ármann Eyjólfsson 1973. *Vestmannaeyjar* .... Bls. 57. Reykjavík.

**Jarðyrkja - 182402-74**
**Sérheiti: Akurinn**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Akurinn var flatlendi austur af Leiðavörðu við Gjábakka og náði allt austur að Þurrkhúsi.
**Aðrar upplýsingar**
Akurinn mun hafa verið eitt af þeim akurlendum sem gerð voru í Vestmannaeyjum á ofanverðri 18. öld, þegar gerð var tilraun til akuryrkju. Sumir halda því fram að nafnið sé komið frá nýrækt Abels sýslumanns um 1840. Abel var sýslumaður í Vestamannaeyjum frá 1821-1852. Á Akrinum voru síðar mikil stakkstæði.[40] Þar höfðu enskir og amerískir hermenn aðsetur á styrjaldarárunum í hermannaskálum. Eftir stríðið stóðu bragganir í nokkur ár, og voru notaðir til íbúðar af Eyjamönnum.
**Heimildaskrá**
Brynjólfur Jónsson, 1918. *Lýsing Vestmannaeyja sóknar*. Bls. 15-19. Kaupmannahöfn. Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973. *Vestmannaeyjar byggð og eldgos*. Bls. 47, 48. Reykjavík.

**Kauptún - 182402-75**
**Sérheiti: Julinshaab**
**Tegund: Sögustaður 465**
**Staðhættir og lýsing**
Á Tanganum milli Andersarviks og Tangaviks var verslunarlóð þar sem verslunin Julinshaab var reist í byrjun 19. aldar.
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

**Kirkja - 182402-76**
**Sérheiti: Landakirkja**
**Tegund: Mannvirki 465**
**Staðhættir og lýsing**
Landakirkja stendur á sléttri grasflöt vestan við kirkjugarðinn, efst við Kirkjuveginn þar sem saman koma Skólavegur og Kirkjuvegur. Kirkjan er byggð á árunum 1774 - 1780 úr tilhöggnu grjóti, kalki og tígulsteini, eftir uppdrætti Antons byggingameistara (d.1781). Upphaflega var kirkjan turnlaus og ekkert fordyri á henni (sjá uppdrátt Sæmundar Hólm). Hvort tveggja seinni tíma viðbætur. Henni hefur einnig verið mikið breytt að innan.
**Aðrar upplýsingar**

[40] Sennilega þar sem fiskgarðarnir eru vestan við Kastalann á uppdrætti Sæmundar Hólm.

Anton byggingameistari var tengdasonur Eigveds (d.1754) sem var einn kunnasti byggingameistari Dana á fyrri hluta 18. aldar. Landakirkja mun vera fyrsta kirkjan á Íslandi sem byggð er utan garðs.

**Heimildaskrá**

Jóh. Gunnar Ólafsson, 1948. *Árbók Ferðafélags Íslands* 1948. Bls. 127-129. Reykjavík.
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls.118. Reykjavík.

**Kirkjugarður - 160207-77**
**Sérheiti: Ofanleitiskirkjugarður**
**Tegund: Kirkjugarður 465**
**Staðhættir og lýsing**

Andrésarkirkja eða Péturskirkja (ýmist kölluð) var „fyrir ofan leiti“.

**Aðrar upplýsingar**

Kirkjan var helguð heilögum Andrési og Pétri postula og var reist fyrir ofan leit árið 1269 og var staðurinn um hríð kallaður kirkjubær fyrir ofan leiti eða Péturskirkja fyrir ofan leiti (sjá Vilkinsmáldaga). Samkvæmt ákvæðum kirkjunnar „sem Árni biskup Þorláksson setti“ (DI II. Bls. 66) á prestur þar að syngja messur þaðan til helminga í Clemenskirkju og mönnum skylt að nota báðar nýju kirkjurnar, þ.e. í Péturskirkju fyrir ofan leiti og Nikulásarkirkju í Kirkjubæ sem graftarkirkjur, með Clemenskirkju. Í máldaga kirkjunnar (Stefánsmáldaga 1491-1518) eru taldar ríkulegar eignir kirkjunnar, sem stóð til 1573 er hún var afnumin og kirkja var byggð í Löndum. Sennilega hafa þá kirkjurnar fyrir ofan leiti og á Kirkjubæ verið notaðar sem bænhús, en sóknarnafnið hélst. Í Reisubók séra Ólafs Egilssonar segir að áður en Landakirkja var byggð hafi verið messað í þeim tveimur smákirkjum sem fyrir voru í Kirkjubæ og Ofanleiti og að 1606 var tíundinni breytt þannig að Landakirkja fékk skipsfiskinn og fátækrafiskinn frá Ofanleitskirkju. Þarna verður að gera ráð fyrir að mannbein liggi í jörðu. Matthías Þórðarson þjóðminjavörður lét friðlýsa gamla kirkjugarðinn að
Ofanleiti árið 1931.

**Heimildaskrá**

*DI Fornbréfasafn II*, 1253-1350. Bls. 66. Köbenhavn.
*DI Fornbréfasafn VIII* 1170-1505, 1903-1907. Bls. 41. Köbenhavn.
Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. *Jarðabók. Vestmannaeyjar*. Bls. 15, 23. Kaupmannahöfn.
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 22, 118. Reykjavík.
Ágúst Ó. Georgsson, 1990. *Fornleifaskrá.* Skrá um forleifar. Bls. 15. Reykjavík.

**Kirkjugarður - 182402-78**
**Sérheiti: Landakirkjugarður**
**Tegund: Kirkjugarður 465**
**Staðhættir og lýsing**

Landakirkja sú er reist var 1573, er kirkjur á Kirkjubæ og „fyrir ofan leiti“ voru lagðar niður og sóknir þeirra sameinaðar í Ofanleitissókn telja menn að hafi staðið í gamla Landakirkjugarði, sem er suðvesturhluti núverandi kirkjugarðs. Sunnan við núverandi Landakirkju er grasflöt sem ber nafnið kirkjuflöt (sjá nr. 64). Í garðinum hafa fundist nokkrir steinar sem sennilega eru úr undirstöðum eldri kirkjubygginga. Kirkja sú er nú stendur er byggð 1781 og er hlaðin úr grjóti.

**Aðrar upplýsingar**

Landakirkja stóð þar til Tyrkir brenndu hana 1627. Hún var ekki endurreist fyrr en 1631 og var þá færð á þann stað sem nú er kirkjugarðurinn og stóð þar til 1722 er sú kirkja sem enn stendur var byggð eins og fyrr segir árið 1781. Í kirkjugarðinum eru mörg gömul leiði m.a. legsteinn séra Ólafs Egilssonar sem fluttur var nauðugur til

Algier 1627. Kirkjan var byggð í tíð Zachariasar Gottfridssonar umboðsmanns, sem var jarðaður fyrir altari kirkjunnar árið 1633. Í tíð Esaie Munk umboðsmanns árið 1722 var Landakirkja öll byggð upp af nýjum viðum. Það var þriðja kirkjan sem byggð var á sama stað, segir séra Ólafur Egilsson í Reisubók sinni (ÞJ,1938. Bls. 118).

**Heimildaskrá**

Jóh. Gunnar Ólafsson, 1948. *Vestmannaeyjar. Árbók FÍ*. Bls. 129. Reykjavík.
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 22-23, 57, 118. Reykjavík.

**Kvíar - 182402-79**
**Sérheiti: Kvíalág**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**

Þar lá girðing frá hringvegi um Helgafell og til brúna. Þarna voru sléttar flatir.

**Aðrar upplýsingar**

Þarna var fært frá á síðari hluta 18. aldar og fram á 19. öldina. Notaðar voru færikvíar, að því er Lára Guðjónsdóttir sem alin var upp á Kirkjubæ hafði heyrt. Aðrar heimildir geta ekki um fráfærur í Heimaey, fyrir utan tvö stekkjaörnefni.

**Heimildaskrá**

Guðjón Ármann Eyjólfsson 1973. *Vestmannaeyjar. Byggð* .... Bls. 58. Reykjavík.

**Laug - 182402-80**
**Sérheiti: Þvottapollur**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**

Var á Skansinum.

**Aðrar upplýsingar**

Þvottapollur meinast vera þar sem nú kallast Lækur, segir Þorkell Jóhannesson.

**Heimildaskrá**

Þorkell Jóhannesson, 1938. Örnefni í Vestmannaeyjum. bls.83. Reykjavík

**Legstaður - 182402-81**
**Sérheiti: Borguleiði**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**

Hóll neðst og vestast í Vilborgarstaðatúni, við Mið-Hlaðbæ (Vatnsdal).

**Aðrar upplýsingar**

Staðurinn fór undir hraun árið 1973.

**Munnmæli**

Sagt er að þarna hafi verið grafin Vilborg dóttir Herjólfs landnámsmanns, sú er fyrst bjó á Vilborgarstöðum.

**Heimildaskrá**

Guðjón Ármann Guðjónsson, 1973. *Vestmannaeyjar. Byggð* .... Bls. 113. Reykjavík.
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 32. Reykjavík.

**Legstaður - 182402-82**
**Tegund: Dys 465**
**Staðhættir og lýsing**

Ofan við Erlendarkrær í Stórhöfða.

**Munnmæli**

Sögn er að þar séu dysjaðir nokkrir menn úr enskri skútu um 1820. Voru menn allir dauðir í skipinu er sjómenn úr Eyjum fundu það á reki vestur frá Eyjum.

**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson,1938, *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 40. Reykjavík.

**Legstaður - 182402-83**
**Sérheiti: Langa**
**Tegund: Kirkjugarður 465**
**Staðhættir og lýsing**
Langa eða Litla-Langa er vestan undir Kleifnabergi. Þarna er mikill uppblástur og mannabein hafa fundist þar í nokkurri fjarlægð frá berginu og mætti af því ráða, segir Gísli Lárusson 1914, „að grasi vaxin brekka hafi legið fyrir öllu Kleifnabergi í fornöld og legstaðurinn hafi verið á sljettlendinu við brekkuna. Þegar sjór eyddi brekkunni við Kleifnaberg er skiljanlegt að myndast hafi nöfnin Stór- og Litla-Langa.“ (G.Lár.,1914. Örnefni nr 28.)
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Legstaður - 182402-84**
**Sérheiti: Dysjar**
**Tegund: Dys 465**
**Staðhættir og lýsing**
Suður og framundan Herjólfsdal eru tveir jarðhólar með nokkru millibili, æði stórir ummáls, segir Brynjólfur Jónsson 1918.
**Aðrar upplýsingar**
Það var sögn manna að dysjar þessar væru frá þeim tíma er „slagur“ varð milli enskra sjófarenda og Síðumanna 1544, eins og greinir frá í Biskupsannálum Jóns Egilssonar og hafi Englendingar þeir 14 sem féllu átt að vera dysjaðir í stærri hólnum en Íslendingarnir, þeir Jón smjörnefur og félagar í hinum smærri. Grafið var í dysjarnar á fyrri hluta 19. aldar og engin fundust mannabein þarna.
**Heimildaskrá**
Brynjólfur Jónsson, 1918. *Lýsing Vestmannaeyja sóknar*. Bls. 59. Kaupmannahöfn.

**Mótekja - 182402-85**
**Sérheiti: Móhúsaflöt**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Nálægt tómthúsinu Móhúsum.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 64. Reykjavík.

**Mótekja - 182402-86**
**Sérheiti: Torfmýri**
**Tegund: Heimild 465.**
**Staðhættir og lýsing**
Torfmýri tekur við af Fiskhellum, sunnan Herjólfsdals. Þar var töluverð mótekja fyrr á öldum og var þetta eini staðurinn á eyjunni þar sem mór hefur fundist. Mór var allur uppurinn í byrjun 18. aldar.
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Mylla - 182402-87**
**Sérheiti: Vindkvarnarhóll**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**

Nokkur moldarhóll norður frá Vilpu, í norðaustur frá Vilborgarstöðum.
**Aðrar upplýsingar**
Þarna var vindmylla á síðari hluta 19. aldar, fram undir aldamót, sem malaði korn. Hóllinn var ýmist kallaður Vindkvarnarhóll eða Mylluhóll.
Staðurinn fór undir hraun árið 1973.
**Heimildaskrá**
Guðjón Ármann Guðjónsson, 1973. *Vestmannaeyjar. Byggð* .... Bls. 114. Reykjavík.
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 81. Reykjavík.

**Nýrækt- 182402-88**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
19. aldar sáðslétta í hvarfi við bæ á Kirkjubæ.
**Aðrar upplýsingar**
Sáðsléttan var í eigu Guðjóns Eyjólfssonar í Norðurbæ á Kirkjubæ,
**Heimildaskrá**
Guðjón Ármann Eyjólfsson 1973. *Vestmannaeyjar byggð og eldgos*. Bls. 57. Reykjavík.

**Óþekkt - 182402-89**
**Sérheiti: Danskató**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Danskató, er framan í Heimakletti á móti suðri og vísar nafngiftin á afnot Danskra af henni. Ath. munnmæli.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 39. Reykjavík

**Óþekkt - 182402-90**
**Sérheiti: Efra-lögmannssæti**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Ath. munnmæli tengd nafngiftinni.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 40. Reykjavík

**Óþekkt - 182402-91**
**Sérheiti: Efri -Kambshellir**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Ath. ef til eru munnmæli tengd nafngiftinni.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 40. Reykjavík.

**Óþekkt Heimaey 182402 - 182402-92**
**Sérheiti: Efri-Sýslumannskór**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Fyrir ofan Sýslumannskór. Ath. ef til eru munnmæli tengd nafngiftinni.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 40. Reykjavík.

**Óþekkt - 182402-93**
**Sérheiti: Faxabót**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Milli Faxa og Lögmannssætis. Ath. ef til eru munnmæli tengd nafngiftinni.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 42. Reykjavík.

**Óþekkt - 182402-94**
**Sérheiti: Grásteinn**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Sunnan í Stórhöfða vestan við Grásteinshamar. Stendur í grasbrekku er heitir Grásteinsfles. Ath. ef til eru munnmæli tengd nafngiftinni.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 46. Reykjavík.

**Óþekkt - 182402-95**
**Sérheiti: Hákolluhellir**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Ofan við Hákollugil, sem er niður af Hákolluhömrum í Heimakletti. Ath. ef til eru munnmæli tengd nafngiftinni.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 49. Reykjavík.

**Óþekkt - 182402-96**
**Sérheiti: Hásteinn**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Kennileiti. Stór klettur norðan undir Hánni, við veginn inn í  Herjólfsdal.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 50. Reykjavík.

**Óþekkt - 182402-97**
**Sérheiti: Hvannastóðsbæli**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Ofan við Mottukór í Dalfjalli. Þar var mikil hvannatekja á öldum áður. Hvannatekja voru talin mikil hlunnindi fyrir eyjaskeggja.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 54, Reykjavík

**Óþekkt - 182402-98**
**Sérheiti: Helgustöðull**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Norðan við Vilborgargarða, að austanverðu var Helgustöðull. Þar niður af var Vilborgarstaðatangi. Slétt svæði við garðana. Þar hafði ekki verið mjólkað hvorki ær né kýr í manna minnum árið 1914.
**Aðrar upplýsingar**
Staðurinn hvarf undir hraun árið 1973.
**Heimildaskrá**

Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Ræktunarland - 182402-99**
**Sérheiti: Nýjatún**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Sunnan við Stórahól við Draumbæ.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson,1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 66 Reykjavík.

**Ræktunarland - 182402-100**
**Sérheiti: Nýjatún**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Vestan við Bárustíg milli Vestmannabrautar og Standvegar.
**Aðrar upplýsingar**
Túnið var ræktað 1871-1872 í atvinnubótavinnu landssjóðs kostnað. Nú komið undir hús (1938).
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 66. Reykjavík.

**Rétt - 182402-101**
**Sérheiti: Gamlarétt**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Gamlarétt er norðan í Miðkletti, vestanmegin Selhellaurðar.
**Aðrar upplýsingar**
Þarna var réttað og fé gefið niður í böndum á bát.
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.
Þorkell Jóhannesson, 1938, *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 44. Reykjavík.

**Rétt - 182402-102**
**Sérheiti: Gamlarétt**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Í Ystakletti þar sem heitir Réttarfles.
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.
Þorkell Jóhannesson,1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 44. Reykjavík.

**Rétt - 182402-103**
**Sérheiti: Nautarétt**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Byrgi undir lágum hamrastöllum, fyrir austan Norðurflatir.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 65. Reykjavík.

**Samgönguleið - 182402-104**
**Sérheiti: Hliðhóll**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**

Suður af Suðurgarði (Svaðskoti).
**Aðrar upplýsingar**
Við hólinn var hlið á Ofanbyggjaragirðingunni, þar sem vegurinn lá út í Klauf (Útsetuhlíð).
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 52. Reykjavík.

**Samgönguleið - 182402-105**
**Sérheiti: Kleifar**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Þegar farið er upp á Heimaklett að vestan upp frá Eiðinu. Fyrst var farið upp all háan hamar.
**Aðrar upplýsingar**
Á þessum stað voru áður klöppuð höld í bergið, en nú er þar stigi  Þar fyrir ofan er grashjalli og tekur þá við annar hamar nokkru lægri. Hetta er þar fyrir ofan, hár hamar, en heldur tæpt einstigi undir Hettu og tekur þá við allbrött grasbrekka og greiðfært úr því upp á Hákolla. Hamrabeltin tvö neðan við Hettu heita Kleifar að réttu lagi, þótt nú sé fremur með heiti þessu átt við grashagana ofan við þau. Er neðri hamarinn kallaður Neðri- og hinn Efri -Kleifar.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 57.  Reykjavík.

**Samgönguleið - 182402-106**
**Sérheiti: Maður**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Blágrýtisstandur norðaustan á Klifinu 4-5 faðma hár.
**Aðrar upplýsingar**
Standur þessi féll um koll í landskjálftunum 1896. Þarna er uppgangan í Klifið, eða á Klifið og er kölluð "upp„ með manni.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson,1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*, bls 62-63.  Reykjavík.

**Samgönguleið - 182402-107**
**Sérheiti: Skarð**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Skarð var inngangur að götunum gegnum túnin upp að Presthúsum, Vesturhúsum, Búastöðum, Oddstöðum og Túni. Fyrir norðan og austan Svíra.
**Aðrar upplýsingar**
Orðtak: „Að fara upp úr-, niður úr Skarði".
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 71.  Reykjavík..

**Samgönguleið - 182402-108**
**Tegund: Heimild 465**
**Sérheiti: Traðir**
**Staðhættir og lýsing**
Traðir þessar lágu  austur með Urðum.
**Heimildaskrá**
Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973. *Vestmannaeyjar byggð og eldgos*. Bls. 49. Reykjavík.

**Siglingamerki - 182402-109**
**Sérheiti: Sólboði**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Út af Urðunum sunnan við Þvottatanga var skerið Sólboði. Það var aðeins upp úr á mestu fjöru.
**Aðrar upplýsingar**
Fljótt braut á Sólboða er flæddi. Á þessu skeri hefur frá ómunatíð verið tekið lag er lagt var á Leið (innróðurinn) þegar brim var, með því að merkja sjói á Sólboða. Átti að taka lagið og róa inn, þegar ólagið gekk á boðann. Ef ólagi var sleppt inn fyrir boðann var álitið of seint að leggja á Leiðina
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.
Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973. *Vestmannaeyjar byggð og eldgos*. Bls. 50. Reykjavík.

**Sjóbúð - 182402-110**
**Sérheiti: Erlindarkrær**
**Tegund: Tóft 465**
**Staðhættir og lýsing**
Tóttarleifar af fiskikróm nyrst á Stórhöfða ofan við uppsátrin í Vík.
**Aðrar upplýsingar**
Í Víkinni norðan undir Stórhöfða var frá fornu fari uppsátur frá Ofanleitisbæjunum.
Ath. sama og nr. 129.
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.
Þorkell Jóhannesson,1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 41. Reykjavík.

**Sjóbúð - 182402-111**
**Sérheiti: Sjóbúðarhóll**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Upp af Grjótgarðinum vestan við Tangavík.
**Aðrar upplýsingar**
Sjóbúðarhóll er líka nefndur Sjóbúðarklöpp
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 71. Reykjavík.

**Skipasmíðar - 182402-112**
**Sérheiti: Skiphellar**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Aðrar upplýsingar**
Undir berginu voru skip smíðuð og bætt. Bergið slútir, svo að vætu gætir ekki. Hér hafa ungir piltar löngum æft sig í bjargsigi, sem kallað er að „spranga“. Eru hér nokkur örnefni sem sem notuð hafa verið við æfingar þessar. Þau eru: Efsti- Mið- og Neðsti-Bekkur, Hatturinn, Grastóin, Hnúkurinn, Ferðaauga, Blásteininn og Skoran.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 71-72. Reykjavík

**Skipshöfn - 182402-113**
**Sérheiti: Hringsker**
**Tegund: Heimild 465**

**Staðhættir og lýsing**
Austur af Hrognaskeri, sem hafnargarðurinn kemur í, er Hringsker. Landmegin við það er Stórasker. Í Hringskeri var járnbolti með gati og er brætt utan með honum með blýi. Boltinn er fyrir löngu brotinn um gatið.
**Aðrar upplýsingar**
Að sögn áttu ytri skipafestar að vera festar í boltann þegar legan var norður af Skansinum út af Hafnareyri.
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Skírnarker - 182402-114**
**Sérheiti: Skírnarlón**
**Tegund: Laug 465**
**Staðhættir og lýsing**
Skírnarlón er efst á Ræningjatanga.
**Aðrar upplýsingar**
Lónið hefur haft þetta heiti frá 1854 er fyrstu mormónarnir voru skírðir þar áður en þeir fluttu til Ameríku (Utah).
**Heimildaskrá**
Gísli Lárusson, 1914. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Örnefnastofnun.

**Skúti - 182402-115**
**Tegund: Náttúruminjar 465**
**Staðhættir og lýsing**
Tveir smáskútar upp af Pálsnefi, þar sem áður var geymt hey.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 52. Reykjavík.

**Skýli - 182402-116**
**Sérheiti: Fjárhúsklettar**
**Tegund: Heimild 465**
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 42. Reykjavík.

**Skýli - 182402-117**
**Sérheiti: Sauðaból**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Fjárból , ofan og sunnanvert við Stand á Dalfjalli.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 69. Reykjavík.

**Stekkur - 182402-118**
**Sérheiti: Staðarstekkir**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Litlu sunnar við Steinsstaðaborg. Sunnan við þá er sléttlendi niður að Klauf.
**Aðrar upplýsingar**
Seinni alda heimildir geta hvergi um fráfærur í Eyjum. Ekki er þó ólíklegt að fyrr á öldum hafi fé verið stekkjað og fært frá. Fleiri örnefni vísa til þess svo sem Kvíalág og Ömpustekkir.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 73. Reykjavík

**Stekkur - 182402-119**
**Sérheiti: Ömpustekkir**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Klettar fyrir norðan Kinn Í Sæfjalli. Gatan út í Stórhöfða liggur hér í gegn.
**Aðrar upplýsingar**
Sögn er að hér hafi verið stekkur frá Vilborgarstöðum. Hugsanlega var fært frá ám fyrir langalöngu í Heimaey, en seinni alda heimildir geta þess sérstaklega að það hafi ekki tíðkast. Þarna gætu líka náttúrlegar aðstæður hafa minnt á umhverfi stekkja á landi.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 83. Reykjavík

**Stígur - 182402-120**
**Sérheiti: Blótstígur**
**Tegund: Gata 465**
**Staðhættir og lýsing**
Á Neðri- Kleifum norðan við aðaluppgönguna.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 32. Reykjavík.

**Stígur - 182402-121**
**Sérheiti: Gyltustígur**
**Tegund: Gata 465**
**Staðhættir og lýsing**
Brött uppganga norðan í Litlaklettsnesi.
**Heimildaskrá**
Þorkell Jóhannesson, 1938. *Örnefni í Vestmannaeyjum*. Bls. 47. Reykjavík.

**Sund - 182402-122**
**Sérheiti: Sundskáli**
**Tegund: Heimild 465**
**Staðhættir og lýsing**
Stóð vestur undir Heimakletti.
**Aðrar upplýsingar**
Sundskálinn var byggður 1913, og var notaður við sundkennslu.
**Heimildaskrá**
*Húsa- og byggingaskrá frá Vestmannaeyjabæ*. 2002.

**Sögn - 182402-123**
**Sérheiti: Klemenseyri**
